



# **Skólaskýrsla Fjölbrautaskóla Suðurnesja**

## **Skólaárið 2011-2012**

**Fjölbrautaskóli Suðurnesja**

**Haut 2012**

# Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	4
2. Tölulegar upplýsingar .....	4
3. Fundir, fyrirlestrar og námskeið .....	5
4. Gjafir og styrkir .....	6
5. Nýjungar .....	6
5.1. „Skemmtilegri skóli“ .....	6
5.2. Nýjar, stuttar starfsnámsbrautir .....	7
5.3. Nám er vinnandi vegur .....	7
5.4. FS – Heilsuefandi framhaldsskóli – Hollusta og heilbrigði .....	7
5.5. Valfög fyrir grunnskólanemendur .....	7
5.5. Mat á námi milli skóla .....	7
6. Ýmsar upptækur .....	8
6.1. Busavígslan .....	8
6.2. Heimsóknir .....	8
6.3. Ferðalög nemenda .....	8
6.4. Leiksýning Vox Arena .....	8
6.5. Þemadagar .....	8
6.6. Starfshlaup .....	9
6.7. Ýmsar keppnir .....	9
7. Skýrsla matsnefndar .....	10
8. Skýrslur sviðsstjóra .....	18
8.1. Málasvið .....	18
8.2. Raungreinasvið .....	18
8.3. Samfélagssvið .....	19
8.4. Tæknisvið .....	22
8.5. Starfsbraut 1 .....	26
8.6. Starfsbraut 2 .....	26
9. Skýrsla bókasafns .....	36
10. Skýrsla námsráðgjafa .....	37

11.	Skýrsla kvöldskóla.....	48
12.	Skýrsla hjúkrunarfræðings.....	50
13.	Skýrsla forvarnarfulltrúa.....	51
14.	Skýrsla félagslífsfulltrúa.....	53
15.	Skýrsla nemendafélags (NFS) .....	53

## 1. Inngangur

Í eftirfarandi skýrslu er farið yfir skólaárið 2011 - 2012. Tilgreindar eru tölulegar upplýsingar og meðal annars fjallað um fundi, fyrirlestra, námskeið, nýjungar og uppákomur í skólstarfinu. Samantektarskýrslur matsnefndar, sviðsstjóra, bókasafns, námsráðgjafa, kvöldskóla, hjúkrunarfræðings, forvarnarfulltrúa, félagslífsfulltrúa og stjórnar nemendafélags eru og hluti af skýrslunni.

Skólstarfið fetaði sína braut þetta starfsár án umtalsverðra breytinga. Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari sneri aftur úr leyfi og Kristján Ásmundsson, tók að nýju við stöðu aðstoðarskólameistara. Guðlaug Málfríður Pálsdóttir áfangastjóri var í námsleyfi en Elín Rut Ólafsdóttir, námsráðgjafi, og Ægir Karl Ægisson, kennari, skiptu með sér starfi hennar.

## 2. Tölulegar upplýsingar

### **Haust 2011**

Skólstarf hófst 18. ágúst þegar nýnemar voru boðaðir á svokallaðan nýnemadag sem var nú haldinn í fimmta sinn. Tilgangurinn með deginum er fyrst og fremst að gera yngstu nemendum okkar auðveldara að takast á við nám í nýjum skóla. Hefðbundin kennsla hófst 23. ágúst. Nemendur sem hófu nám í dagskóla voru 1144 en auk þess stunduðu 88 nemendur úr 10. bekkjum grunnskóla á svæðinu nám við skólann í einstaka valáföngum. Í Kvöldskólanum stunduðu 68 nemendur nám á önninni. Því skal haldið til haga hér að haustönn 2011 er fjölmennasta önn skólans frá upphafi. Fastir starfsmenn skólans voru 98, þar af voru kennarar 84 en aðrir starfsmenn 14. Verktakafyrirtæki sáu um ræstingu og mötuneyti en ný fyrirtæki, HR ræstingar og Skólamatur ehf., tóku við þeim verkefnum í sumar.

Ólafur Jón Arnbjörnsson sneri aftur til starfa eftir þriggja ára leyfi í upphafi annar og tólf nýir kennarar hófu störf við skólann, þau Dagbjört Kjartansdóttir í ferðaþjónustugreinum, Guðjón Björgvinsson í sögu, Guðmundur Guðbjörnsson í rafiðngreinum, Hjörtur Guðjónsson í vélstjórnargreinum, Ingibjörg Böðvarsdóttir í spænsku, Ingigerður Sæmundsdóttir í fornámi og stærðfræði, John Richard Middleton í ensku, Jóhanna Björnsdóttir í stærðfræði, Rósa Guðmundsdóttir í tölvugreinum, Sara Ross Bjarnadóttir í listgreinum, Telma Rut Eiríksdóttir á starfsbraut og Þorsteinn Þorsteinsson í íslensku. Heiða Kristín Harðardóttir og Guðbjörg Sveinsdóttir voru ráðnar sem námsráðgjafar og Drífa Guðmundsdóttir sem stuðningsfulltrúi. Stundakennara voru fimm talsins á önninni. Ásta Birna Ólafsdóttir og Krístrún Guðmundsdóttir sneru aftur úr leyfi en Guðbjörg Jónatansdóttir, Guðlaug Málfríður Pálsdóttir, Hanna María Kristjánsdóttir og Íris Jónsdóttir fóru í leyfi. Hulda Egilsdóttir og Sunna Gunnarsdóttir voru í barneignaleyfi.

Fimm kennarar hættu störfum við skólann, þau Ása Skúladóttir, Bergþór Haukdal Jónsson, Custavo Perez, Sigríður Anna Ólafsdóttir og Gerður Rún Ólafsdóttir. Þá lét Dagbjört Kjartansdóttir af störfum um jólin.

### **Vor 2012**

Skólastarf hófst samkvæmt stundaskrá 6. janúar. Þetta var fjölmennasta vorönn í sögu skólans en 1120 nemendur stunduðu þar nám. Í dagskóla voru 1009 nemendur og 23 í kvöldskóla. Að venju sóttu nemendur 10. bekkja grunnskóla á svæðinu nám við skólann í einstökum fögum og voru þeir að þessu sinni 88 talsins. Fastir starfsmenn skólans voru 100 á vorönninni, 86 kennarar og 14 aðrir starfsmenn. Verktakafyrirtæki sjá um ræstingu og mötuneyti eins og verið hefur.

Tveir nýir kennarar bættust við hópinn um áramótin en það eru Íris Gylfadóttir í félagsfræði og Torfi Gíslason í eðlisfræði auk þriggja nýrra stundakennara. Þær Anna Rögnvaldsdóttir, Ásta Katrín Helgadóttir og Guðbjörg Jónsdóttir létu af störfum í lok starfsárs. Sama máli gegnir um Ólaf Jón Arnbjörnsson skólameistara en hann mun þó áfram sinn ákveðnum verkefnum fyrir skólann.

## **3. Fundir, fyrirlestrar og námskeið**

Hefðbundnir kennara-, sviðs- og fagfundir voru haldnir reglulega báðar annir. Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur um árabil verið í samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurlands og Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Þessi samvinna hélt áfram og var aðalverkefnið þetta árið sameiginleg könnun skólanna þriggja á næringu og hreyfingu nemenda sinna í tengslum við verkefnið um heilsueflandi framhaldsskóla. Steinunn Eva Þórðardóttir, Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi, vann síðan niðurstöðuskýrslu um matið og er hún aðgengileg á innri vef skólans.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið stóð í vetur fyrir fundarröð þar sem rætt var um starfsmenntun og framtíð hennar. Nokkrir kennarar og nemendur Fjölbrautaskóla Suðurnesja sóttu þessa fundi.

### **Haust 2011**

Á sóknardögum kennara í byrjun haustannar hélt Ingvar Sigurgeirsson erindi um þróunarstarf í skólum, erindið bar yfirskriftina „Að bæta kennslu sína – Hvar eru helstu sóknarfærin? Kynningarfundur foreldra yngri nemenda var haldinn þann 7. september. Hófst fundurinn með hefðbundinni dagskrá sem m.a. felst í kynningu á skólastarfinu og hvernig foreldrar geta fylgst með námi barna sinna í gegnum skólakerfið Innu en síðan var aðalfundur foreldrafélag skólans haldinn. Auk þess flutti Hafþór Birgisson forstöðumaður 88 Hússins erindi um forvarnir. Um 70 foreldrar mættu á fundinn og var Gunnheiður Kjartansdóttir kjörin formaður foreldrafélagsins.

Í tengslum við þróunarverkefnið „Skemmtilegri skóli“ voru haldnir fyrirlestrar um samfélagsþjónustunám, facebook í kennslu og gagnvirkt einstaklingsmiðað nám í tungumálum.

## **Vor 2012**

Á sóknardögum kennara á vorönn hélt Árný Helga Reynisdóttir erindi um samþættingu námsgreina.

Stjórnendur skólans, ásamt sviðstjóra raungreinasviðs, funduðu með nokkrum fyrrverandi nemendum skólans sem stunda nám í verkfræði og raungreinum við Háskóla Íslands í þeim tilgangi að kanna hvernig nemendum FS gengi að fóta sig í háskólanámi og hvernig hugsanlega mætti bæta undirbúning þess. Til stendur að halda fleiri slíka fundi og tala við fleiri nemendur og einnig nemendur er stunda nám í öðrum háskólum enda er það kappsmál Fjölbrautaskóla Suðurnesja að undirbúa nemendur sína sem best undir frekara nám og störf.

Afrakstur þróunarstarfsins „FS skemmtilegri skóli“ var kynntur á málþingi á sal skólans á vordögum og þótti gefa fyrirheit um að góður skóli gæti hæglega orðið enn betri.

Á sóknardögum í lok vorannar fóru rúmlega 60 starfsmenn Fjölbrautaskóla Suðurnesja í námsferð til Svíþjóðar og heimsóttu skóla í Ronneby og Karlskrona og fræddust af þarlandum. Þess utan sat hópurinn fyrirlestur Hauks Viggóssonar, lektors við Háskólann í Malmö, um sænska skólakerfið. Ferðin tók fimm daga og var einróma álit hópsins að vel hefði til tekist og að skipulag undirbúningsnefndar hefði verið með eindæmum gott.

## **4. Gjafir og styrkir**

Skólinn og nemendur hans hafa fengið góðar gjafir á skólaárinu. Vélstjórafélag Suðurnesja gaf tólf tölvur og heyrnatól með hljóðnema og Samherji á Akureyri gaf sjálfvirka skilvindu úr togaranum Baldvini Þorsteinssyni. Foreldrafélag skólans gaf nemendafélaginu sneriltrommu og gjallarhorn til nota í keppnisferðum og buðu auk þess upp á tónleika með hljómsveitinni Valdimar í árshátíðarvikunni.

## **5. Nýjungar**

### **5.1. „Skemmtilegri skóli“**

Á haustönn 2010 var sett á fót kennsluþróunarteymi sem skipað er fjórum kennurum, einum af hverju sviði, og starfar teymið undir stjórn Guðmundar Grétars Karlssonar. Á haustönn 2011 fór hópurinn af stað með tveggja ára þróunarverkefni sem tengist nýsköpun í námi og kennslu. Dr. Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við menntavísindasvið Háskóla Íslands, er ráðgjafi við undirbúning og framkvæmd verkefnisins. Markmiðið með verkefninu er að styrkja nemendur og efla sjálfstraust þeirra, vinnugleði, sjálfstæð vinnubrögð og gagnrýna

hugsun. Þá er markmiðið ekki síður að styðja faglega við kennarahópinn og stuðla að þróun hans í starfi. Á innri vef skólans er að finna skýrslu um verkefnið.

## **5.2. Nýjar, stuttar starfsnámsbrautir**

Á haustönn hófst tilraunakennsla á verknámsbraut. Þróunarverkefni skólans í kennslu á ferðþjónustubraut og löggæslu –og björgunarbraut hélt áfram þetta árið og vorið 2012 var í fyrsta skipti útskrifað af brautunum, bæði af fyrsta og öðru þrepi.

## **5.3. Nám er vinnandi vegur**

Fjölbrautaskóli Suðurnesja tók í vetur þátt í verkefninu Nám er vinnandi vegur en það er samstarfsverkefni Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Vinnumálastofnunar. Teknir voru inn í skólann 170 nemendur sem ella hefðu ekki fengið skólavist. Sértaklega var fylgst með mætingum og ástundun þessara nemenda og var Guðbjörg Sveinsdóttir námsráðgjafi ráðin til skólans til að hafa umsjón með verkefninu. Skýrsla Guðbjargar er að finna í kafla 9.1.

## **5.4. FS – Heilsueflandi framhaldsskóli – Hollusta og heilbrigði**

Skólinn tekur nú þátt í verkefni Landlæknisembættisins um heilsueflandi framhaldsskóla en það er verkefni á vegum Lýðheilsustöðvar. Formlegu upphafi verkefnisins var fagnað með dagskrá á sal þann 12. október en segja má að það hafi þó hafist töluvert fyrir eða þegar rekstur mótuneytisins var boðinn út síðastliðið vor en í því útboði voru markmið næringar einmitt lögð til grundvallar. Tilgangur verkefnisins er að skólar myndi sér heildarstefnu í forvarnar og heilsueflingarmálum og fái stuðning til að hrinda henni í framkvæmd. Ráðgert er að verkefnið standi í fögur ár og er megináhersla á tilteknum heilsueflandi þætti hvert ár og í ár var áherslan, eins og fyrir segir, á næringu.

## **5.5. Valfög fyrir grunnskólanemendur**

Að þessu sinni var, eins og síðastliðið ár, boðið upp á tvö fög, ensku og stærðfræði en auk þess bættist við kennsla í rafiðngreinum. Það er ánægjuefni að geta boðið grunnskólanemendum uppá fleiri valkosti en eins og kunnugt er bitnaði niðurskurður í menntakerfinu töluvert á framboðinu síðasta árið. Valfögin gengu vel og voru vel sótt en að venju skiptu grunnskólarnir og FS kostnaðinum á milli sín.

## **5.6. Mat á námi milli skóla**

Fjölbrautaskóli Suðurnesja er í samstarfi við ýmsar menntastofnanir á svæðinu og á vordögum var gengið frá samningi um mat á námi milli skólans og Miðstöðvar Símenntunar á Suðurnesjum. Er ekki vafamál að samningur þessi mun styrkja fullorðinsfræðslu á Reykjanesi enn frekar. Sömuleiðis var komið á samstarfi milli skólans og Brynballett en sá samningur gerir nemendum kleift að nýta nám í listdansi til eininga í framhaldsskóla.

## 6. Ýmsar uppákomur

### 6.1. Busavígslan

Busavígslan var haldin fimmtudaginn 8 september. Vígslan fór fram með hefðbundnu sniði, busarnir voru merktir um morguninn og þeim settar ákveðnar umgengnisreglur. Síðan var gengið í niður að 88 Húsi þar sem busarnir fengu lýsissopa og þurftu að ganga heldur blauta þrautagöngu. Eftir þrekaunina töldust þeir komnir í eldri nemenda tölu. Í lokin var síðan pylsuveisla í skólanum. Um kvöldið var svo haldið busaball sem fór það vel fram.

### 6.2. Heimsóknir

Hópur danskra menntaskólanema heimsóttu skólann í október en þeir komu hingað til að taka þátt í raungreinabúðum á vegum Geo-Camp sem er hluti af menntaneti sem Fjölbrautaskóli Suðurnesja tekur þátt í.

### 6.3. Ferðalög nemenda

Nemendur okkar eru duglegir við að heimsæja leikhús, listasöfn og ýmsa vinnustaði og fara í menningar- og vettvangsferðir, enda er það hluti af námi þeirra. Íslenskunemendur fóru á skáldaslóðir á Reykjanesi og vitanlega í leikhús og það gerðu nemendur af listnámsbraut einnig. Nemendur á tölvuþjónustubraut fóru í vettvangsferð til Isavia og nemendur á löggæslu- og björgunarbraut heimsóttu Landhelgisgæsluna og Björgunarmiðstöðina í Skógarhlíð. Þá fóru útskriftarnemendur í rafvirkjun í sína árlegu skoðunarferð, að þessu sinni í Búrfellsvirkjun, en einnig sóttu þeir fyrirtækið Marel heim.

Á vordögum fóru fimm nemendur okkar ásamt einum kennara, Ægi Karli Ægissyni, til Kaupmannahafnar á þing fyrir ungt fólk til að kynnst starfssemi Evrópusambandsins.

### 6.4. Leiksýning Vox Arena

Leikfélagið Vox Arena setti upp söngleikinn *Með allt á hreinu* í samvinnu við Leikfélag Keflavíkur eins og undanfarin ár. Verkið var frumsýnt í Frumleikhúsinu 16. mars og sýnt þar fram á vor við góðan orðstí. Söngleikurinn *Með allt á hreinu* er byggður á samnefndri bíómynd sem er landanum vel kunn.

### 6.5. Þemadagar

Hinir árlegu þemadagar voru haldnir síðustu viku febrúarmánaðar; að þessu sinni undir yfirskriftinni *Menning, tækni og listir*. Fyrsta þemadaginn bar upp á öskudag og mættu margir í búningum sem óneitanlega setti skemmtilegan svip á daginn. Þemadagarnir voru með nokkru öðru sniði en undangengin ár því nemendur skráðu sig ekki á námskeið fyrir fram en gátu þess í stað farið á milli að vild og prófað allt sem í boði var þá tvo daga sem námskeiðin stóðu yfir. Var gerður góður rómur að þessari nýbreytni. Þemadögum lauk síðan á föstudegi með dagskrá á sal. Að loknum sameiginlegum morgunverði var danssýning og uppistand en



dagskránni lauk svo með tónleikum. Var mál manna að þemadagarnir hefðu heppnast afar vel þetta árið.

## 6.6. Starfshlaup

Starfshlaupið var haldið í 18. sinn síðasta kennsludag fyrir páska eða föstudaginn 30. mars. Gunnar Magnús Jónsson og Kristjana Hildur Gunnarsdóttir, kennarar sáu um skipulagninguna sem gekk vel. Starfshlaupið er nokkurs konar boðhlaup þar sem keppt er í flestum þeim námsgreinum sem kenndar eru við skólann og ýmsum þrautum. Að þessu sinni kepptu sex lið í hlaupinu en í hverju liði eru nokkrir tugir keppenda. Fyrir hverju liði fara síðan fyrirliðar sem koma úr hópi væntanlegra útskriftarnemenda. Keppnin var gríðarlega spennandi í ár og réðust úrslit ekki fyrr en í síðustu þrautunum en svo fór að appelsínugula liðið sigraði.

## 6.7. Ýmsar keppnir

Nemendur úr Fjölbrautaskóla Suðurnesja stóðu sig að vanda vel í hinum ýmsu keppnum á skólaárinu. Lið skólans tók að venju þátt í MORFÍS, mælsku- og rökræðukeppni framhaldsskólanna og spurningakeppni framhaldsskólanna Gettu betur. Lið skólans stóðu sig með prýði í báðum þessum keppnum þó ekki enduðu þau í verðlaunasæti að þessu sinni. Það gerðu hins vegar lið skólans í framhaldsskólámótum í knattspyrnu karla og litbolta en FS-ingar sigruðu á báðum mótunum.

Nemendur Fjölbrautaskóla Suðurnesja kepptu í Íslandsmóti iðngreina sem haldið var í Háskólanum í Reykjavík. Alexandra Lilja Björgvinsdóttir náði öðru sæti í hárgreiðslu en aðrir nemendur stóðu sig líka með prýði.

Nokkrir nemendur skólans tóku þátt í Snilldarlausnum Marel en það er heiti á hugmyndasamkeppni framhaldsskólanna. Sex lið frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja sendu inn í keppnina og eitt þeirra gerði sér lítið fyrri og sigraði. Liðið sem sigraði var skipað þeim Guðmundi Hermanni Salbergssyni, Hauki Erni Harðarsyni, Jóni Gunnari Sæmundssyni og Sigurði Jóni Sigmundssyni.

Lið Fjölbrautaskóla Suðurnesja hafnaði í öðru sæti í Boxinu en það er framkvæmdakeppni framhaldsskólanna sem Háskólinn í Reykjavík, Samtök iðnaðarins og Samband íslenskra framhaldsskólanema standa að. Í liði skólans voru að þessu sinni þeir Alexander Snævar Jóhannesson, Björn Már Geirsson, Hafsteinn Fannar Barkarson, Ólafur Magnús Oddsson og Stefán Már Jónasson.

HR-áskorun er keppni sem Háskólinn í Reykjavík heldur í tengslum við háskóladaginn. Keppnin er ætluð framhaldsskólanemendum og tók lið af málm- og vélstjórnarbraut þátt að þessu sinni fyrir hönd skólans. Er skemmst frá því að segja að lið Fjölbrautaskólans endaði í örðu sæti keppinnar.

Söngkeppni framhaldsskólanna var með breyttu sniði í ár frá því sem verið hefur en nú komust aðeins tólf efstu skólar af 32 í úrslit eftir netkosningu. FS átti ekki fulltrúa í

lokakeppninni þetta árið en hins vegar stóð Ásgerður Rós Guðmundsdóttir FS-ingur sig með glæsibrag og náði öðru sæti í söngvakeppni starfsbrauta þar sem hún söng lagið Hero.

Stærðfræðikeppni grunnskólanna var haldin í skólanum í lok mars og komu þá rúmlega 160 grunnskólanemendur hingað til að taka þátt. Þetta var í þrettánda sinn sem Fjölbrautaskóli Suðurnesja stendur fyrir keppninni og naut sem fyrr til þess stuðnings Verkfræðistofu Suðurnesja og Íslandsbanka. Verðlaunaafhending fór síðan fram á sal skólans nokkru seinna. Ragnheiður Gunnarsdóttir sá um alla framkvæmd keppinnar eins og undanfarin ár.

## 7. Skýrsla matsnefndar

Í sjálfsmatshópnum voru fjórir kennarar af ólíkum sviðum þau Ása Einarsdóttir, Atli Þorsteinsson, Axel Sigurbjörnsson og Garðar Garðarsson ásamt aðstoðarskólameistara og vann hópurinn að mestu að hefðbundnum verkefnum. Hópurinn hittist reglulega og er unnið samkvæmt sjálfsmatshring sem er endurskoðaður með reglulegu millibili. Sumir þættir eru skoðaðir á hverri önn en aðrir á nokkurra anna fresti. Sjálfsmatshringurinn er aðgengilegur á heimasíðu skólans.

### Helstu verkefni á haustönn 2011

1. Kennslumat
2. Könnun á líðan kennara
3. Móttaka nýrra starfsmanna

Unnið var samkvæmt sjálfsmatshring sem gildir til ársins 2013. Könnun á kennslu og kennsluháttum var lögð fyrir nemendur en um fjórðungur kennara er metinn í hvert skipti. Í kjölfarið fóru fram starfsmannaviðtöl. Þá var gerð könnun á líðan kennara skólans og var hún lögð fyrir rafrænt að þessu sinni. Einnig var gerð könnun á móttöku nýrra starfsmanna sem að þessu sinni var framkvæmd þannig að settur var upp matshringur þar sem starfsmenn gerðu grein fyrir hvað tókst vel í móttökunni og hvað má bæta. Þá var gert mat á einkunnadreifingu og brottfalli í áföngum og eignastaða tekin út.

### Helstu verkefni á vorönn 2012

1. Kennslumat
2. Könnun á samskiptum nemenda við annað starfsfólk en kennara
3. Sameiginleg könnun á verkefninu Heilsueflandi skóli með FSU og FVA

Kennslumat var lagt fyrir hjá átján kennurum þessa önn og í kjölfarið fara fram starfsmannaviðtöl. Ákveðið var að fresta könnun á samskiptum við stjórnendur um ár vegna breytinga sem eru að verða á stjórnendahópnum.

Ákveðið var að fresta könnun á viðhorfi nemenda og starfsfólks til mötuneytis til næstu haustannar þar sem nýir rekstaraðilar hafa tekið við rekstri mötuneytis. Könnun á kennslu og

kennsluháttum var lögð fyrir líkt og önnina áður og starfsmannaviðtöl fóru fram í kjölfarið. Þá var gert mat á einkunnadreifingu og brottfalli í áföngum og eignastaða tekin út.

Lögð var fyrir nemendur könnun á samskiptum þeirra við annað starfsfólk skólans en kennara og var hún gerð rafrænt.

Þá var ákveðið að breyta fyrirkomulagi á fyrirlögn kennslumats á næstu önn og hafa tvo matsdaga þar sem fyrirlögn verður lokið í stað þess að leggja matið fyrir á tveimur til þrem vikum eins og verið hefur. Því voru matsdagar settir inn á dagatal annar 6. og 7. nóvember.

Í samvinnu við FSU og FVA var gerð rafræn könnun meðal allra nemenda þessara þriggja skóla í tengslum við verkefnið Heilsueflandi Framhaldsskóli. Að þessu sinni var spurt um atriði er tengjast næringu og hreyfingu og í á næstu önn verður spurt um geðvernd og lífsstíl. Steinunn Eva Þórðardóttir, Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi, vann niðurstöðuskýrslu um matið og er hún aðgengileg á innri vef skólans eins og komið hefur fram.

### **Könnun á líðan kennara í FS haustið 2011**

Í nóvember 2011 var lögð fyrir könnun á líðan fyrir kennara Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Sama könnun var gerð árið 2009 þar sem áhersla er lögð á að kanna líðan kennara og starfsfólks með reglulegu millibili enda skiptir hún mjög miklu máli. Niðurstöður þessarar könnunar verða bornar saman við könnunina sem gerð var 2009 með það að markmiði að gera úrbætur þar sem þeirra er þörf. Ekki voru gerðar breytingar á könnuninni frá því hún var lögð fyrir 2009, aðeins bætt við spurningum er varða Moodle kennsluumhverfið.

Könnunin var lögð fyrir rafrænt og samanstóð hún af 79 spurningum. Boð um að taka þátt í könnuninni voru send 81 kennara. Af þeim svöruðu 77 kennarar (95%) könnuninni að hluta en 59 (72%) að fullu. Til samanburðar tóku 55 kennarar þátt í könnuninni síðast en þá var hún lögð fyrir á sviðsfundum. Nú voru 72,06% kennara bóknámskennarar, 25% verknámskennarar en 2,94% slepptu að svara. Af svarendum voru 59,32% konur en 40,68% karlar en 2,94% kusu að gefa ekki upp kyn. Könnunin var unnin í LimeSurvey forriti og fór úrvinnsla jafnframt fram þar. Spurningarnar voru í níu flokkum og sem höfðu tvo til fimm valmöguleika.

### **Niðurstöður**

#### **FS sem faglegur og félagslegur vinnustaður**

	<b>2011</b>	<b>2009</b>
FS sem góður faglegur vinnustaður	81,35%	87%
Fagleg umræða er góð	71,18%	70%
Hef tækifæri til að ræða fagleg málefni	72,06%	78%
Tek þátt í faglegri umræðu	88,13%	89%
FS er góður félagslegur vinnustaður	84,78%	90%
Starfsandi í FS er góður	91,53%	94,5%

Skemmtanir á vegum starfsmannafélagsins eru mikilvægar	81,36%	90%
Samskipti við stjórnendur eru góð	76,27%	83,3%
Ánægður með tölvuaðgengi	84,75%	83,4%

Meirihluti starfsmanna telur FS mjög góðan eða góðan faglegan vinnustað. Þetta hlutfall hefur minnkað síðan í síðustu könnun. Hvað varðar faglega umræðu innan skólans telja kennara umræðuna vera mjög góða eða góða og telja sig alltaf eða oftast hafa næg tækifæri til að ræða fagleg málefni við samstarfsmenn. Þá tekur mikill meirihluti alltaf eða oftast þátt í umræðunni eða kennara. Álit á og þátttaka í faglegri umræðu hefur því dregist saman síðan 2009.

Meirihluti kennara telja FS mjög góðan eða góðan félagslegan vinnustað, en 15,25% sæmilegan. Enginn kennari telur sig alltaf upplifa félagslega einangrun í starfi, 5,08% segjast oftast vera félagslega einangraðir. Þetta hlutfall hefur lækkað frá því síðast en þá svöruðu allir sjaldan eða aldrei þegar þeir voru spurðir hvort þeir upplifðu félagslega einangrun í starfi. Tveir kennarar telja sig hafa orðið fyrir einelti, tveir fyrir kynferðislegri áreitni og einn fyrir óþægilegri stríðni í FS á síðustu þremur árum. Þó að stærstur hluti svari neitandi er það mjög alvarlegt að einhverjir hafi orðið fyrir þessu. Í könnuninni 2009 svöruðu þrír að þeir hefðu upplifað einelti, tveir að þeir hefðu orðið fyrir kynferðislegri áreitni og fimm fyrir óþægilegri stríðni. Að þessu sinni kusu sjö kennarar að svara ekki spurningum varðandi einelti, kynferðislega áreitni og óþægilega stríðni.

Langflestir kennarar telja starfsandann í skólanum mjög góðan eða góðan. Þetta viðhorf hefur þó örlítið dalað frá því 2009. Langflestir kennarar telja skemmtanir á vegum starfsmannafélagsins vera mikilvægan þátt í skólastarfinu. Þegar spurt var um samskipti á milli kennara og stjórnenda töldu rúmlega tveir þriðju kennara þau mjög góð eða góð. Samskiptin virðast þó hafa versnað síðan síðasta könnun var gerð því þá svöruðu 83,3% kennara á þennan veg.

Tæplega helmingur kennara telur sig mjög oft eða oft fá tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum varðandi mikilvæg málefni sem tengjast skipulagi og stjórnun. Í síðustu könnun var hlutfallið rétt rúmlega helmingur og hefur þessi þáttur því dalað. Samskipti við aðra starfsmenn skólans en kennara koma í flestum tilfellum mjög vel út. Um það bil þriðjungur kennara umgangast starfsfélaga mjög eða nokkuð mikið utan vinnunnar.

### Vinnuaðstaða á kennarastofu

Ánægja með húsbúnað í vinnurými hefur dalað. 25,42% finnst vinnuborð lélegt eða sæmilegt en heldur færri eru óánægðir með stólinn eða 18,64%. 20,33% finnst lýsing léleg eða sæmileg og 45,75% finnst hillupláss lélegt eða sæmilegt. Þá er rúmlega helmingur kennara eða 55,93% óánægðir með loftræstingu í vinnurými og 62,71% finnst símaaðgengi í vinnurými lélegt eða sæmilegt. Þetta verða að teljast nokkuð há hlutföll og því nauðsynlegt að skoða vel hvort ekki sé hægt að gera eitthvað til að bæta þessa hluti.

Mikill meirihluti er ánægður með fjölrítunaraðstöðu eða 86,44% og hlutfall þeirra sem eru ánægðir með tölvuaðgengi hefur aukist örlítið frá síðustu könnun. Þá finnst 67,76% vinnufriður í vinnurými mjög góður eða góður.

### Vinnuaðstaða í kennslustofum

	2011	2009
Utanaðkomandi þættir trufla vinnufrið	81,36%	80%
Hillupláss í kennslustofum lélegt	57,63%	38,9%
Loftræsting er léleg	57,63%	31,5%

Þegar kemur að vinnuaðstöðu í kennslustofum eru niðurstöðurnar sambærilegar svörum um kennarastofuna. Flestir telja borð, stóla, og lýsingu mjög góða eða góða. Vinnufriður og símaaðgengið er betra í kennslustofunum heldur en á kennarastofnunni. Flestir segja að utanaðkomandi þættir trufla vinnufrið sjaldan eða aldrei. Það sem helst virðist mega bæta er hillupláss, en árið 2009 töldu 38,9% það sæmilegt eða lélegt en nú er hlutfallið 57,63%. Þá hefur þeim sem telja loftræstingu sæmilega eða lélega fjölgað frá síðustu könnun.

### Mat á kennslugögnum

Flestir kennara eru sáttir við bækur, geisladiska, kennsluforrit, verkfæri, vélakost og skjávarpa af þeim sem nota þessa hluti, en 54,24% svara að það eigi ekki við þegar spurt er um margmiðlunardiska eða hljómdiska. Þegar kennarar eru beðnir um að meta snertitöflur eru 81,36% sem velja svarmöguleikann; á ekki við. Það virðast því mjög fáir kennarar vera að nota snertitöflurnar og spurning hvort að ekki sé nauðsynlegt að halda námskeið til að hvetja kennara að nýta kosti þeirra betur. Þá segjast 49,15% kennara ekki nota tölvuvagnana en af þeim sem nota þá telja 37,28% þá lélega eða sæmilega.

Ný spurning var sett í þennan flokk sem varðar notkun á Moodle kennsluumhverfinu. 42,37% segjast ekki nota Moodle en 50,85% segja að það nýtist vel eða mjög vel og 47,45% nota Moodle í tveim eða fleiri áföngum.

### Ánægja með ýmsar uppákomur

Kennarar eru ánægðir með flestar þær uppákomur sem spurt var um í könnuninni. 38,98% eru frekar eða mjög ánægðir með opna daginn er 45,76% svara að þeir viti ekki og þarf ef til vill að skoða þann atburð betur. 72,88% eru mjög eða frekar ánægðir með starfshlaupið og tæplega helmingur er ánægður með göngudaginn en þar svara 32,20% að þeir viti ekki en síðast svöruðu 87% að þeir væru mjög eða frekar ánægðir með göngudaginn.

Rúmlega helmingur er ánægður með nýnemadaginn og 80,96% mjög eða frekar ánægðir með útskriftarathöfnina. Þá eru rúmlega 84% ánægð með fyrirkomulag í upphafi skólaárs en 67,79% eru ánægðir með þemadagana en 2009 voru yfir 80% ánægðir með þemadaga.

### Fundir

Kennarar eru almennt ánægðir með þá fundi sem eru haldnir. Það eru helst kennarafundirnir sem fólk hefur eitthvað út á að setja. Nú eru 20,34% frekar eða mjög óánægðir með fundi í fyrirlestrarsalnum (22,3%). Ánægja með kaffihúsafundi er mun meiri en þar segjast 88,13% vera mjög eða frekar ánægðir. Yfir 80% kennara eru mjög eða frekar ánægðir með sviðs- og fagfundi sem er sambærilegt við síðustu könnun.

### Mötuneyti og kaffistofa

	2011	2009
Ánægðir með aðstöðu í mötuneyti	77,97%	46%
Óánægður með matarúrval í mötuneyti	6,77%	40%
Ánægður með aðstöðu á kaffistofu	79,66%	65%
Ánægja með eigin umgengni	64%	68,6%

Langflestir eru mjög eða frekar ánægðir með aðstöðuna í mötuneytinu. Afstaðan hefur batnað síðan síðast en þá voru rúmlega 46% mjög eða frekar ánægðir. Þegar spurt er um úrval matar vekur athygli að tæpur þriðjungur veit ekki hvort þeir eru ánægðir með úrvalið sem gæti bent til þess að þeir borði ekki í mötuneytinu og hafi þess vegna ekki kynnt sér úrvalið, þetta eru svipaðar niðurstöður og síðast. Langflestir eru frekar eða mjög ánægður með matarúrvalið í mötuneytinu en aðeins lítil hluti er óánægður. Þetta er mikil bót frá því síðast en þá voru rúm 40% frekar eða mjög óánægðir. Ánægja með verðlag hefur aukist en nú telja 69,49% sig vera frekar eða mjög ánægða með verðlagið. Þegar spurt er um aðstöðu í kaffistofu kennara kemur í ljós að 16% segjast vera frekar óánægðir en 2009 voru tæp 30% frekar eða mjög óánægðir með aðstöðuna á kaffistofunni.

Ánægja kennara með eigin umgengni hefur dvínað en fleiri eru nú ánægðir umgengni nemenda eða 50,85% en 2009 voru það 40,8%.

### Úrbótaáætlun

Vinnurými: Bæta þarf hillupláss í vinnurými kennara. Þá eru tæplega fjörutíu prósent óánægð með vinnufrið og þar þarf að finna lausn á t.d. benda fólki á að ganga hljóðlega um, hafa fundi í öðru rými og hafa farsíma hljóðlausa ef þeir eru skildir eftir í vinnuaðstöðu. Þá er óánægja með loftgæði í skólanum en unnið er að því að bæta loftræstikerfi. Enn er óánægja með símaaðstöðu og má bæta það með því að koma upp lokuðum símaklefa í kennaraaðstöðu.

Tölvuvangar: Þá kom fram óánægja með fartölvuvagna, búið er að kaupa nýjan vagn sem vonandi bætir ástandið.

Moodle: Einungis helmingur kennara notar Moodle kennsluumhverfið. Halda þarf áfram með kennslu til kennara og hafa leiðbeinendur fyrir hendi á kennarastofunni sem geta veitt einstaklingsbundna aðstoð þegar þarf.

Félagslíf: Skemmtanir á vegum starfsmannafélagsins eru ekki vel sóttar en flestir telja starfsemi félagsins mikilvæga. Beina má til starfsmannafélagsins að bjóða upp á annars konar skemmtanir en verið hafa t.d leikhúsferðir. Einnig má gera könnun meðal félagsmanna um um hverskonar skemmtanir og uppákomur þeir hafa áhuga á.

Fagleg umræða: Til að auka faglega umræðu má brjóta sviðsfundi upp hafa þverfaglega fundi þar sem kennslufræðileg málefni eru rædd þvert á greinar. Einnig hafa fleiri kaffihúsafundi þar sem fagleg málefni eru rædd í þverfaglegum hópum. Þá þarf að auka kynningu á þeim þróunarverkefnum sem eru í gangi í skólanum, t.d. með kynningarfundum.

Kennslugöng: Auka þarf notkun og nýtingarmöguleika kennara á kennslugögnum með því að hafa kynningar á þeim, t.d. snertitöflum. Þar mætti fá þá sem nýta sér möguleika snertitaflanna til að kenna samstarfsmönnum hvernig má nota þær. Þá má athuga þann möguleika að færa snertitöflur úr þeim stofum þar sem þær eru ekki notaðar og í stofur til kennara sem vilja nota þær. Einnig er hægt að hafa stutta kynningafundi þar sem kennarar segja hver öðrum frá nýjungum og notkunarmöguleikum alls konar forrita sem nýtast vel í kennslu.

Umgengni: Athygli vekur hve margir eru óánægðir með umgengni kennara í sameiginlegu rými og kennslustofum. Til að bæta það má hvetja fólk til að ganga vel um og jafnvel skipta frágangi á kaffistofu milli sviða þannig að hvert svið sjái um að ganga frá matarílátum í ákveðinn tíma. Þá má skoða þann möguleika að kaupa afkastameiri uppþvottavél í kaffiaðstöðu þar sem heimilisvélin annar ekki uppvaski frá u.þ.b. 100 starfsmönnum.

Samskipti: Nokkrir starfsmenn segjast hafa orðið fyrir óþægilegri stríðni og einelti. Gott væri að fá kynningu á mikilvægi jákvæðra og góðra samskipta á vinnustað. Einnig þurfa stjórnendur að vera sýnilegri á vinnustaðnum.

### **Móttaka nýrra starfsmanna haust 2011**

Haustið 2011 var gerð könnun á móttöku nýrra starfsmanna. Könnunin var með öðrum hætti en áður þar sem haldinn var matsfundur með nýkennurum í stað þess að senda út spurningalista. Haldnir voru tveir fundir og voru aðeins kennarar á fyrri fundinum en á hinum síðari einnig aðrir starfsmenn sem ekki eru kennarar. Matsnefndarfulltrúar sátu báða fundina. Könnunin var síðast gerð haustið 2009.

### **Aðferð**

Könnunin fór þannig fram að myndaður var hringur og fékk hver einstaklingur tækifæri til að minnast á a.m.k. þrjú atriði sem hann taldi góð/til fyrirmyndar við móttöku nýrra starfsmanna og síðan fékk hver að nefna a.m.k. þrjú atriði sem betur mætti fara.

## Samantekt á svörum

**Það sem vel er gert:** Kennurunum/stafsmönnun fannst vel tekið á móti þeim þegar þeir koma í fyrsta sinn og gott skipulag. Kynningarfundur fyrir nýja kennara góður og móttöku-kynningin fyrir skólaupphaf hreint ágæt. Þeir töldu aðstoð og hjálp fagkennara í upphafi ómetanlega og gott samstarf við þá sem fyrir eru. Þeim fannst augljóst að öllum sé annt um að vel gangi, starfsmenn séu jákvæðir og umhugað að mönnum líði vel (sérstaklega húsverðir). Þá fannst þeim stjórnendur áhugasamir um hvernig gangi hjá byrjendum.

Þeim fannst gott að aðgengi að tölvum var tilbúið fyrir þau þegar þau mættu til vinnu.

Þeim finnst FS vera rótgróinn og þægilegur vinnustaður þar sem er góður félagslegur mórall og góður stuðningur frá samstarfsmönnum

**Það sem betur má fara:** Kennarar/stafsmenn töldu að skorti meiri tíma fyrir nýliða í byrjun annar til að gera kennsluáætlanir og einnig töldu þau að kynningarfundur mætti vera fyrr. Þá var minnst á að faglegt samráð vantar og lýsti þátttakandi sér sem hún hafi verið „ein í heiminum, týnd“ og fannst erfitt að „hoppa úti“. Þá fannst þeim að eftirfylgni fyrstu dagana vanti.

Í einhverjum tilfellum var starfsaðstaða í vinnuaðstöðu kennara ekki tilbúin og fannst þeim það erfitt. Þá komu upp vangaveltur um það gerðist ef fólk missir af fyrsta degi hvað þá, er þá einhver sem tekur á móti því?

Einhverjir höfðu ekki fengið fartölvu við upphaf skólaársins eins og lofað hafði verið og fannst þeim óþægilegt að þurfa að ganga eftir því til að fá tölvu og einnig erfitt þegar starfsaðstaða er ekki tilbúin þegar kennari mætir til vinnu.

Þau minntust á að skilaboð frá skrifstofu væru oft illskiljanleg fyrir nýliða og að óþægilegt væri þegar skilaboð eru ekki kölluð réttu nafni svo sem þegar boðað er til áríðandi fundar sem er ekki fundir heldur kaffiboð. Þá fannst þeim óþægilegt að fá þessa gluggamiða frá húsvörðum í kennslustofurnar.

Þá fannst þeim erfitt að læra að þekkja nöfn og andlit þeirra starfsmanna sem fyrir eru og stungu upp á nafnalista á kennarahópinn þar sem myndir af kennurum séu tengd nafni og stöðu til að svo nýir kennarar eigi möguleika á að tengja nafn og andlit.

## Úrbótaáætlun

Móttaka nýrra starfsmanna: Festum fannst vel tekið á móti byrjendum. Gefa þarf byrjendum meiri tíma til að undirbúa kennslu í upphafi annar. Gott væri að kalla byrjendur til vinnu fyrr þar sem þeir gætu hitt sviðstjóra/fagstjóra í sinni grein til að bæta faglegt samráð. Bæta má eftirfylgni með byrjendum í upphafi með því að hafa skipulagða fundi með sviðstjórum/fagstjórum fyrstu vikurnar.



Aðstaða: Þær úrbætur sem helst þarf að gera varðandi aðstöðu er að hún sé tilbúin þegar kennarar mæta til vinnu því erfitt sé að hefja störf án þess að hafa vinnuástöðu á staðnum. Sviðstjórar þurfa að hafa gengið frá því hvar nýir kennarar hafa aðstöðu.

Samskipti: Helst þarf að bæta samskipti skrifstofu við byrjendur þannig að skilaboð séu skýr og auðskiljanleg öllum. Einnig er mikilvægt að tilkynningar séu orðaðar þannig að augljóst sé hvað er verið að tilkynna svo ekki valdi misskilningi.

### **Könnun á samskiptum nemenda við starfsfólk Fjölbrautaskóla Suðurnesja vor 2012**

Á vorönn 2012 var lögð fyrir nemendur skólans könnun á samskiptum þeirra við annað starfsfólk en kennara en það eru: námsráðgjafar, áfangastjórar, starfsmenn skrifstofu skólans og bókasafns, umsjónamenn fasteigna, umsjónamenn tölvukerfis, forvarnarfulltrúa, mætingastjóra og skólahjúkrunarfræðing. Samskonar könnun var síðast gerð haustið 2008. Niðurstöður þessarar könnunar verða bornar saman við könnunina sem gerð var 2008 með það að markmiði að gera úrbætur þar sem þeirra er þörf.

#### **Lýsing og aðferð**

Könnunin var lögð fyrir á rafrænu formi að þessu sinni. Allir nemendur skólans fengu boð um að taka þátt en aðeins 254 svöruðu. Niðurstöðurnar verða lagðar til grundvallar í starfsmannaviðtölum.

#### **Niðurstöður**

Flestir þeirra sem svöruðu eru nemendur á náttúrufræðibraut og félagsfræðibraut. Fáir nemendur af iðnbrautum svara.

Flestir, eða 48% þeirra sem hafa samskipti við mætingastjóra telja samskiptin vera góð. Þá eru nemendur ánægðir með samskipti við starfsmann á bókasafni eða 64% sem telja þau góa eða frekar góð.

Þeir nemendur (25%) sem hafa átt samskipti við skólahjúkrunarfræðing telja þau vera góð en rúmlega 60% hafa ekki þurft á þjónustu hans að halda.

Aðeins um helmingur nemenda hefur þurft að hafa samskipti við umsjónamenn fasteigna og af þeim eru um 40% mjög eða frekar ánægðir með samskiptin.

Af þeim sem svara telja aðeins 40% samskipti sín við áfangastjórana góð eða frekar góð en hins vegar segjast 40% ekki hafa haft nein samskipti við áfangastjórana.

Almennt telja nemendur sig eiga mjög góð eða góð samskipti við starfsmenn. Þó er áberandi hve hátt hlutfall nemenda segist ekki hafa nein samskipti við námsráðgjafana.

## Úrbótaáætlun

Áberandi er hve margir segjast ekki hafa nein samskipti við námsráðgjafa. Vinna þarf að því að kynna námsráðgjafa betur, til dæmis með því að námsráðgjafar fari í heimsókn í kennslustundir með kynningu á þjónustu sinni á fyrstu vikum hvers skólaárs. Þá gætu námsráðgjafar sérhæft sig til þess að sinna ákveðnum brautum svo sem iðnnámi.

Sama á við um skólahjúkrunarfræðing, það gæti verið til bóta að kynna betur fyrir nemendum hvaða þjónustu hann veitir með fræðslu í hópum/kennslustundum.

Bæta þarf samskipti nemenda og áfangastjóranna. Áfangastjórar þurfa að kynna betur fyrir nemendum hlutverk og starfsvettvang sinn t.d. á nýnemadegi.

Ása V. Einarsdóttir, verkefnastjóri matsnefndar, tók saman.

## 8. Skýrslur sviðsstjóra

### 8.1. Málasvið

Störf máladeildarinnar gengu vel að venju enda flestir kennarar deildarinnar rótgrónir reynsluboltar og hafa góð tök á viðfangsefnum sem og nemendum. Starfið gekk með hefðbundnum hætti þennan veturinn sem endranær. Sviðsfundirnir gengu vel að venju og einsog oft áður urðu líflegar umræður um hin ýmsu faglegu málefni sviðsins eða skólans. Allir fengu tækifæri til að koma fram hugmyndum sínum og þeir sem nýttu það vel voru Veska, sem kynnti fyrir okkur námskeið sem hún sótti í Berlín. Það fjallaði um landkynningu og hversu mikilvægt það er að kenna nemendum með fjölbreyttum hætti um menningu og kennileiti hvers lands fyrir sig. Einnig kynnti Richard enskukennari fyrir okkur nýjan áfanga sem hann þróaði í vetur fyrir nemendur, en þar höfðu nemendur aðalhlutverkið í að horfa á kvikmyndir og kynna þær fyrir samnemendum sínum í fyrirlestrarformi og glærusýningum, einnig áttu þau að skila verkefnum til kennara. Þetta var símatsáfangi sem gekk nokkuð vel og verður væntanlega áfram boðið upp á þann áfanga.

Mikið hefur verið rætt um að efla valáfanga á málasviði og jafnvel stokka upp málabrautina en sviðsstjóri vonar að sú vinna geti hafist í haust með uppbyggingu og eflingu einstakra áfanga til að auka val og áhuga nemenda á tungumálum og brautinni í heild sinni.

Einsog fyrr sagði gekk starfið með hefðbundnum hætti á sviðinu og sviðsstjóri vonar að kennarar sviðsins fari sáttir frá borði kennsluársins og komi glaðir til starfsins næstkomandi haust.

Rakel Linda Gunnarsdóttir, sviðsstjóri málasviðs, tók saman.

### 8.2. Raungreinasvið

Skýrsla hefur ekki borist.

### 8.3. Samfélagssvið

#### Kennarar og kennsluskipting

Kennari	Áfangar	Fjöldi tíma - haust	Fjöldi tíma - vor
Andrés Þórarinn Eyjólfsson	ÍÞR1D1,1V1 ,ÍÞR2V1,ÍÞG132,ÍÞR102	29	28,6
Atli Þorsteinsson	SAG103,SAG203,SAG383,SAG313	30	36
Bragi Einarsson	MYL223,MYL233,MYL303,MYL314,SJL203,MYL103 MYL213,MYL403,MYL504,UTN103	32	32
Björn Sturlaugsson	UTN103,	6	
Dagbjört L. Kjartansd.	FÉL103	18	
Daníel Símon Galves	NET102,FOR203,FOR103,FOR222,GSF103	10	16
Einar	SAF103,BJÖ103		12
Elísabet Karlsdóttir	SÁL103, SÁL203,SÁL303, UPP103	18	24
Friðjón Einarsson	FPJ304,SAM113		14
Guðjón S.Björgvins.	SAG103,SAG203,SAG303	24	24
Guðni Kjartansson	ÍÞR1B1,ÍÞR2v1,	10	8,25
Gunnar Magnús Jónsson	ÍÞR1V1,2V1,ÍÞF222,ÍÞR1B1,ÍÞF102,ÍÞG102	27,375	30
Hanna María	LKNF93, LKNT93	6	6
Hildur Skúladóttir	TÆK112,TUS193,TÆK102,TÆK214,NET112	10	16
Hlynur Ómar Svavarsson	HAG103,HAG113,VIÐ133,VIÐ143,VIÐ123,VIÐ113	30	30
Hörður Ragnarsson	BÓK103,BÓK203	12	12
Ingibjörg Böðvarsdóttir	FOH193,LIM103,FOH193	12	6
Ingigerður Sæmundsdóttir	FÆRT96		12
Íris Gylfadóttir	FÉL103		12
Jóna Guðrún Ævarsdóttir	LIM103,LEK103,LKN103, LIM113	12	24
Kolbrún Marelsdóttir	LKN103, LKNF93,FÆR935	24	24
Kristjana H. Gunnarsdóttir	ÍÞR1D1, ÍÞR102,ÍÞR1S1,	10	10,25
Rósa Guðmundsdóttir	UTN103,Töl153,TSU193,UST103 HUV103,UST203	30	24
Sara Ross Bjarnadóttir	MYN103,SJL103,MHL103,SJL203,LJÓ103,MYS103, FSH102	30	22
Sigrún E. Jónsdóttir	BÓK103, BÓK213	6	12
Valgerður	SAF203		6
Þorbjörg Garðarsdóttir	UTN936, UTN103 og UTN203,FÆR936	24	24
Þórunn Friðriksdóttir	FÉL 103,FÉL203,FÉL333	24	24
Ægir Karl Ægisson	UPP103,UPP203,HES203,SÁL213,HES103,FLA203	18	18
Ægir Sigurðsson	KOR103		6
	Samtals kennt á sviðinu	<b>466 kst</b>	<b>511 kst</b>

Að auki voru kenndir nokkrir tímar á löggæslu- og ferðaþjónustubraut á haustönn.

## **Nýjungar og breytingar á kennsluháttum á skólaárinu**

Í viðskiptagreinum var áfram haldið með meiri áherslu á stýrt leitarnám samhliða flutningi verkefna með gagnvirkri stigagjöf bæði nemenda og kennara í Moodle.

Lífsleiknin hélt áfram að þróa samþættingu í fornáminu í LKN og UTN og einnig var samþætting í ÍSL og UTN. Gafst það mjög vel.

Gerð var tilraun á haustönn til að hafa nokkra kennara saman í stofu í stoði, hafa einskonar námsver þar sem nemendur gætu fjölmennt og fengið aðstoð fleiri kennara á sama stað og gafst þetta svo vel að þetta var endurtekið á vorönn en aðeins á okkar sviði, samfélagssviði.

Í SÁL 303 var bætt við enskum greinum fyrir nemendur að lesa og nota í ritgerðir. Nemendum leiðbeint meira með ritrýnt lesefni á ensku þar sem það er góður undirbúningur fyrir háskólanám.

Listnámsbraut breyttist á þessu ári og voru skilgreindar nýjar listnámsbrautir, því þurfti að bjóða upp á bæði gamla og nýja áfanga á haustönn (þ.e. keyra báðar brautirnar svo þeir gömlu gætu klárað í sínu kerfi og nýir nemendur byrjað í nýja kerfinu).

## **Námsmat**

Námsmat sést á kennsluáætlunum, en það er blandað á þessu sviði. Sumir með símat, próf á Moodle, heimapróf og blöndu af kaflaprófum og verkefnavinnu, möppuvinnu. Sumir með lokapróf og aðrir með símat. Gerðar áfram tilraunir með að leyfa nemendum að sleppa við lokapróf hafi þeir náð yfir átta að meðaltali í kaflaprófum (sem eru þá minnst fjögur á önninni).

Viðskiptagreinarnar hafa fjögur áfangapróf og gilda þrjú af fjórum við mat á því hvort nemandur sleppa við lokapróf. Nemendur skila 5-10 verkefnum í Moodle sem gilda helming á móti prófseinkunn.

Leiklist og LKN notar símat og Moodle.

LOL hefur kaflapróf og lokapróf, NÆR notar kaflapróf 20%, matardagbókarverkefni og lokapróf og í ÍPR er próf og lokapróf.

UTN notar símat og lokaverkefni. Einnig stutt próf í Moodle.

Sálfræði og heimspeki nota oftast nokkur hlutapróf, tímaverkefni og stórt verkefni .

Í fimleikum er verklegt kennslupróf, tímaseðlar og í ÍPR er notast við próf og lokapróf.

## **Sviðsfundir**

Fundir samkvæmt dagatali og góð mæting á fundina. Fyrsti fundur var haldinn í ágúst þegar kennarar voru mættir fyrir skólabyrjun. Kennarar mættu til leiks fullir af áhuga og tilhlökkun. Á fyrsta sviðsfundi annar eru alltaf teknar saman upplýsingar frá kennurum um hvenær þeir

vilji hafa viðtalstíma og stoð. Sviðstjórar gera síðan viðtalstímatöflu kennara og töflu fyrir stoðtíma og hengja töflurnar upp eins fljótt og hægt er svo starfið geti hafist að fullu. Sviðstjórar taka síðan sérstaklega á móti nýjum kennurum og fara yfir ákveðinn gátlista með þeim, afhenda þeim kennarahandbókina með ýmsum hagnýtum upplýsingum og eru þeim síðan innan handar eftir þörfum.

**Fastir liðir á sviðsfundum.** Rætt um fasta liði eins og hvernig önnin byrjar, innkaup, kennsluáætlanir, bókalista, brottfall nemenda, aðstoð við val nemenda, áfanga í boði, Innu, tölvuvagna, námsmat, miðannamat, próf og prófaundirbúning, samráð á yfirferð, útkomu úr prófum og fleira. Einnig rætt um busun og hvort ekki megi gera hana notalegri en nú er. Bæði var beðið um skammtíma og langtímaáætlanir fyrir fjárhagsáætlun og okkur uppálagt að spara. Og að sjálfsögðu var gerð áætlun um hverjir koma með veitingar á sviðsfundi eins og áður.

**Heilsueflandi skóli.** Rætt um heilsuskóla verkefnið og í framhaldi af því reynt að koma með heilsusamlegt meðlæti á sviðsfundi. Í ár er fyrsta árið okkar í verkefninu Heilsueflandi skóli og er næringin tekin fyrir í ár. Miklar umræður um hollan mat og næringarríkan.

#### **Brottfall.**

Mikið var rætt um brottfall á árinu og ýmislegt reynt til að sporna við því. M.a. passað að koma upplýsingum sem fyrst til námsráðgjafa en við álitum einhvern vera komin í hættu og reyna að bregðast við áður en allt væri komið í óefni. Einnig rætt um að hafa bæði kennsluáðferðir og námsmat sem fjölbreyttast til að allir fengju eitthvað við hæfi og til að efla áhuga nemenda. Einnig rætt um líðan nemenda og hvernig mætti bæta hana. Á vorönn kom tillaga um að gera sér netfang til námsráðgjafa í FS sem kennarar gætu notað til að koma upplýsingum fljótt og vel til skila og til að biðja námsráðgjafa um að athuga hvort eitthvað væri að hjá viðkomandi ef við ætti. Þessu var vel tekið af kennurum.

#### **Samstarf við grunnskóla.**

Á einum fundi haustsins (27.okt.) var rætt um samstarf við grunnskóla á svæðinu. Hvernig tengslin væru nú og hvort þörf væri á samstarfi. Almennt talið að til að bæta námsárangur á Suðurnesjum væri gott að auka samstarf við grunnskóla.

**Þemadagar.** Einn kennari af hverju sviði skipaður í þemanefnd sem Ægir Karl hafði umsjón með en nemendur hafa að sjálfsögðu sína fulltrúa í nefndinni líka. Þemadagar voru síðan á vorönn og var fyrsti þemadagur á öskudag. Kennarar mættu þá í furðufötum nemendum til mikillar ánægju en það hafði komið tillaga um þetta á einum sviðsfundinum og tóku kennarar vel í það. Þemadagarnir tókust vel.

#### **Þróunarvinna.**

Margir kennarar tóku þátt í þróunarvinnu þennan vetur og var stofnað þróunarteymi

sem hélt utan um alla þróunarvinnu og var Ingvar Sigurðsson fenginn til að liðsinna kennurum. Í lok ársins var síðan uppskerudagur þar sem kennarar kynntu verkefni sín. Eflaust gerir teymið skýrslu um þetta en nokkrir kennarar af sviðinu tóku virkan þátt í vinnunni.

#### **Innkaup og fjárveitingar.**

Mjög venjuleg innkaup, bækur, plakatapappír og fleira. Einnig borgað fyrir aðgengi að skólavef (fyrir starfsbrautina aðallega). LKN fékk gestafyrirlesara eins og venjulega og einnig fékk færnihópurinn gesti og farið var í vettvangsferðir í íþróttum.

Elísabet Karlsdóttir, sviðsstjóri samfélagssviðs, tók saman.

### **8.4. Tæknisvið**

#### **Kennarar og kennsluskipting**

<b>Kennari</b>	<b>Áfangar</b>	<b>Fjöldi tíma haust</b>	<b>Fjöldi tíma vor</b>
Katrín Sigurðardóttir	THL- 103-203-303-136-143-406	24	24
Ásdís Björk Pálmadóttir	HGR 103-203, KLP 103-202, PEM 102-202, BLS 102-201, IFH 103-203, HPS 101, HIL 101	26	24
Hildur Skúladóttir	TNT 102-303-202-403, TÆK 102-112-214, NET 112, TUS 193, LYS 103	26	26
Rósa Guðmundsdóttir	VSH 103, UST 103, HUV 203, UTN 103, TÖL 153, TUS 193, UST 103	24	24
Sara Ross Bjarnadóttir	MYN 103, MYS 103, MHL 103, ITH 203, FSH 102, SJL 103-203, LJÓ 103	30	28
Bragi Einarsson	MYL 103- 213-223-233-314-504, UTN 103, SJL 203	32	26
Ingibjörg Böðvarsdóttir	FOH 193, LIM 103	12	6
Jóna Guðrún Jónsdóttir	LIM 113. LIM 103	6	6
Garðar Þór Garðarsson	RAF 193, STR 302-402-503-603, RAL 603-704, RAM 502-603, RLT 202-322, FRL 103	32	36
Ólafur Sigurðsson	VGR 103-202-302-402, RAM 103-203-303-403, RTM 102-202-302, VSM 203,	32	26
Björgvin Jónsson	STR 203, RAL 202-303-403, RAF 123, VSM 103, RAL 503, RRV 103-302, RER 103, RLT 302,	36	28
Björn Sturlaugsson	GRT 103-203-193-293, TEH 101-203-303, LHÚ 104, TRS 102	24	24

Gunnar Baldvin Valdimarsson	TRÉ 103, VTS 103, INR 106, GLU 104, TRS 103, TST 101, TIHA1,HÚS 193, VTG 106C	30	30
Viggó Benediktsson	HVI 293, HÚS 193	6	6
Leifur A. Ísaksson	GRT 103, INK 102, HÚB 102, SVH 102, ÁGS 102, EFG 103, FRV 103, ÚVH 102, ÖRF 101	23	22
Ágúst Eiríksson	HSU 102, SUÐ 193, MOV 193, VIR 104,LSU 102, SMÍ 104, RSU 102,	28	28
Ívar Valbergsson	VST 204-304-312-403	24	20
Jónas Eydal Ármannsson	SMÍ 104-204, VIR 104, HVI 293, MOV 193, EFM 102,GÆV 101, VST 103	30	24
Lárus Þór Pálmason	TTÖ 103, HÖS 102, SJR 102	8	6
Jón Ingvar Pálsson	HÖS 202	0	4
S. Hjörtur Guðjónsson	STI 103, VFR 113, KÆL 122	6	6
Bryndís Knútsdóttir	TÁR 193, HÁR 193	6	6
Jón Gunnar Schram	UMF 102	0	4

### Nýjungar og breytingar á kennsluháttum á skólaárinu

Hver kennari segir frá nýjungum í sinni kennslu.

Ásdís Björk Pálmadóttir kennir hárgreiðslu: Tók þátt í þróunarverkefni þar sem hún var að vinna með jafningjamat. Nemendur gáfu hvort öðru einkunn og bæði kennarinn og nemendur höfðu gagn af. Verkefnið var kynnt á sérstökum fundi nú í vor.

Ívar Valbergsson kennari í vélstjórnargreinum: Í upphafi skal endirinn skoðaður segir máltækið: Ég fór með nemendur í vísindaferð í orkuverið í Svartsengi í lok annar og þessir nemendur voru búnir að vera í áfanga sem eingöngu voru notaðir hermar við kennsluna. Það var margt sem kom okkur á óvart á önninni, helmingur nemenda kom oft ½ tíma fyrr og sátu jafnvel lengur en tíminn var. Ég er þeirrar skoðunar að með tilkomu hermana í vélstjórnarkennslu sé algjör bylting sem færi kennsluna upp á æðra plan. Hugsanlega væri hægt að stytta siglingatíma (starfsreynslutíma) um allt að helming með tilkomu þessarar nýju tækni. Með þessum hermum getum við nú sýnt og kennt raunverulegar aðstæður í kennslustofunni t.d slökkt elda í vélarrúmum með flóknum slökkvikerfum.

Listnámsbraut: Breytingar á þann veg að nemendum er haldið saman sem einum heildarhóp í gegnum námið og utanumhald aukið og áföngum raðað upp á nýtt í töflu þannig að um samfellu er að ræða.

Ívar kynnti þessa nýju tækni í þróunarverkefni sem hann og Ásdís tóku þátt í ásamt undir stjórn Guðmundar Grétars og Ingvars Sigurgeirssonar.

### **Nýjar kennslubækur og –gögn**

Hver kennari segir frá notkun nýrra kennslubóka og –gagna í sínum áföngum.

Ásdís Björk Pálmadóttir kennir hárgreiðslu: Við tókum nýtt snap cap kerfi í notkun í haust sem eru lausir hártoppur (sem nemendur kaupa) festir á gínuhousa sem skólinn keypti og reyndist það vel. Um þessar mundir er verið að þýða nýtt kennsluefni frá Pivot Point og er permanentkaflinn tilbúinn og hálfur litunarkaflinn sem við notum í haust. Einnig er verið að þýða iðnfræðikaflann og verður hann tilbúinn hjá IÐNÚ í okt./nóv. og verður það bylting í kennslunni.

Ívar Valbergsson kennari í vélstjórnargreinum: Það er mikil vinna að útbúa námsgögn fyrir hermann svo vel sé og ég tel mig lánsaman að hafa fengið styrk frá Þróunarsjóði námsgagna sem gefur mér aukið tækifæri til að gera þetta betur. Það er skýrt í mínum huga að það sé gæfa FS að hafa keypt öll þessi leyfi og VS hafi gefið skólanum nýjar öflugar tölvur. Ég hef fulla trú á að kennsla með vélahermum sé framtíðin og ég hlakka til að sjá hvernig mínum drengjum gengur í hinum fjölbreyttu störfum sem vélstjórar vinna við í framtíðinni, því að þar sem vélbúnaður er þar þarf vélstjóra.

### **Námsmat**

Hver kennari segir frá því hvernig námsmati er háttað í sínum áföngum.

Ásdís Björk kennari í hárgreiðslu: Á hársnyrtibraut er námsmatið þannig að vetrareinkunn er 40% og lokapróf 60% . Það kemur utanaðkomandi prófdómari og metur lokaprófin með mér en við mat á vetrareinkunn er líka notast við jafningjamat og sjálfsmat sem var verkefni sem ég notaði í þróunarvinnu með Ingvari Sigurgeirssyni í vetur.

Katrín Sigurðardóttir kennari í fatagreinum: Námsmat er í einkunnagjöf fyrir verkefni og ástundun einnig eru lítil próf í einstökum hlutum námsefnisins.

Rafiðnaðargreinar: Námsmat fer fram bæði með lokaprófum og símati.

Listgreinar: Námsmat er einkunnagjöf fyrir verkefni.

Málm og vélstjórnargreinar: Það eru bæði lokapróf og símat, mismunandi eftir áföngum

Tréiðnaðargreinar: Símat í öllum áföngum nema í teikniáföngum.

Tölvugreinar: bæði símat og próf fer eftir áföngum



## Námskeið sem kennarar hafa sótt

Listi frá hverjum kennara yfir þau námskeið og ráðstefnur sem þeir sóttu á skólaárinu. Ef einhverjir sóttu engin námskeið eða ráðstefnur sleppa þeir þessum lið.

Nafn kennara	Námskeið
Ásdís Björk Pálmadóttir	skæra-klippingar-litunarnámsskeið, þriggja daga Pivot point námsskeið með fagkennurum í ágúst og dagsnámsskeið með kennurum í mars. Nýkomin frá Ítalíu með fagkennurum þar sem við sóttum námsskeið í klippingum og z-one
Katrín Sigurðardóttir	Þriggja daga námsskeið í þrjónahönnun hjá Steinunni Erlu Sigurðardóttur.
Garðar Þór Garðarsson	(rafvirkjun) námsskeið í staðli og pikkörgjörva. Kynning á stýrivélum og PLC iðntölvum.
Björgvin Jónsson	(rafvirkjun) námsskeið í staðli og pikkörgjörva. Kynning á stýrivélum og PLC iðntölvum.

## Annað sem kennarar vilja taka fram

Nemendur skólans tóku þátt í Íslandsmóti Iðngreina í mars. Allir þessir nemendur stóðu sig vel og voru skólanum til sóma. Þess má geta að nemandi í hárgreiðslu vann 2. sætið.

Nemendur skólans tóku þátt í tveimur nýsköpunarkeppnum önnur keppnin var Snilldarlausnir Marels og gerðu nemendur okkar sér lítið fyrir og unnu þá keppni. Hin keppnin Boxið á vegum HR og nemendur okkar voru í öðru sæti.

## Sviðsfundir

Segja frá því hversu margir fundir voru á hvorri önn og svo í stuttu máli frá því sem rætt var á þeim.

Átta sviðsfundir voru á önninni. Fyrir utan venjuleg fundarstörf:

Þann 28. apríl var Gylfi Einarsson frá fisktækniskólanum gestur á fundi þar sem hann kynnti ástundun í 100 námsbrautum frá árinu 1997-2010 samkvæmt Hagstofunni.

27. október kynnti Bragi að nýjungar í kennsluháttum í listnámi (sjá fyrir ofan) hafi tekist vel nemendur iðnari og minna brottfall.

5 desember rætt um opnun nýrrar aðstöðu í Keili fyrir tæknifræði. Aðstaðan til fyrirmyndar og gæti verið tækifæri fyrir nemendur okkar.

## **Innkaup og fjárveitingar**

Segja frá því helsta sem keypt var inn fyrir sviðið og ef peningar voru lagðir í sérstakar upptökur.

Vélstjórnarbrautin keypti herma og Vélstjórnarfélagið gaf tölvur sem eru nauðsynlegar fyrir notkun á hermunum.

Katrín Sigurðardóttir, sviðsstjóri tæknisviðs, tók saman.

### **8.5. Starfsbraut 1**

Skýrsla barst ekki.

### **8.6. Starfsbraut 2**

Tilgangurinn með vorskýrslu er að veita upplýsingar um áherslur í skólastarfinu á liðnu skólaári. Líta ber á skýrslu þessa sem þátt í innra mati starfsbrautarinnar og út frá því er hægt að leggja faglegan grundvöll að endurbótum til þess að auka gæði skólastarfsins. Mikilvægt er að endurmeta í lok skólaárs ýmsa þætti kennslunnar og velta fyrir sér árangri, kostum og göllum í þeim tilgangi að hægt sé að gera áætlanir um úrbætur. Mikilvægt er að skoða hvort sé verið að mæta þörfum allra nemenda og skoða hvort nemendur fáist við viðfangsefni við sitt hæfi. Í framhaldsskóla er það talinn ávinningur fyrir alla að eiga fjölbreytt samfélag.

## **Nemendur**

Á haustönn 2011 stunduðu 11 nemendur nám á starfsbraut 2, á aldrinum 16-19 ára. Kynjaskiptingin var þannig að það voru 5 stúlkur og 7 drengir/karlmenn með mismunandi fatlanir.

Kennarar sem kenndu á Starfsbraut 2 skólaárið 2011 - 2012 voru:

Þórunn Svava Róbertsdóttir = lífsleikni, starfsnám á vinnustað, íslensku, stærðfræði, skipulögð vinnubrögð, tónlist, heimilisfræði, fjölmiðlar og bókmenntir.

Viggó Benediktsson = VKN (smíðar)

Ásta Birna Ólafsdóttir = tjáning, heilbrigðisfræði, tölvur, íslenska, stærðfræði, starfsnám, SKV, enska, ökunám og tónlist.

Ásta Katrín Helgadóttir og Kristjana Hildur Gunnarsdóttir = íþróttir

Tveir þroskajálfar störfuðu á starfsbraut 2, þ.e. Magnús Áskelsson og Telma Rut Eiríksdóttir. Þrír stuðningsfulltrúar, þ.e. Ásta Svanhvít Sindradóttir, Erna Magnúsdóttir og Drífa Guðmundsdóttir störfuðu einnig við brautina báðar annir.

Hér fyrir neðan má sjá hefðbundna stundatöflu hjá nemenda á starfsbraut 2. (haustönn).

Kl.	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8:05-9:00	Lífsleikni	Íslenska	Íslenska	Íslenska	Íslenska
9:05- 10:00	Íþróttir	Starfsnám	Íþróttir	Stærðfræði	Lífsleikni
10:10-11:05	Heimilisfræði	Starfsnám	Tölvur	Starfsnám	Lífsleikni
11:10-11:50	Heimilisfræði	SKV	SKV	Starfsnám	(Umsjón)
11:50-12:20	Matur	Matur	Matur	Matur	
12:20-13:15	Lífsleikni	Lífsleikni	Enska	Lífsleikni	
13:20-14:20		Heilbrigðisfræði	Tjáning Íþróttifræði	Tónlist	
14:25-15:20				Fagfundur	

Hér fyrir neðan má sjá hefðbundna stundatöflu hjá nemenda á starfsbraut 2. (vorönn)

Kl.	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8:05-9:00	Lífsleikni/ heimilisfræði	Íslenska	Íslenska	Íslenska	Íslenska
9:05- 10:00	Heimilisfræði/ Lífsleikni	Stærðfræði	Tölvur	Stærðfræði	Fjölmiðlar
10:10-11:05	Íþróttir	Starfsnám	Íþróttir	Starfsnám	Lífsleikni
11:10-11:50	SKV	Starfsnám	SKV	Starfsnám	UMU
11:50-12:20	Matur	Matur	Matur	Matur	
12:20-13:15	Heimilisfræði	HBF – heimilisfr.	Listir/ÍPF	Tónlist/enska	
13:20-14:20	Heimilisfræði	Tjá, bókmenntir	Ökunám	Bókmenntir	

#### Umhverfi:

Á borði nemenda var mynd af þeim og undir henni voru almennar upplýsingar um nemandann, s.s. fullt nafn, heimilisfang, kennitala, símanúmer og póstnúmer. Markmiðið var að nemendur gætu skrifað þessar upplýsingar um sig. Á töflunni (sjá mynd) voru orðmyndir af kennslustundum dagsins settar upp í byrjun dags og síðan sáu nemendur og/eða kennarar um að taka niður hverja athöfn sem lokið var hverju sinni.



Tilgangurinn með þessu var að hafa sjónrænt skipulag sýnilegt og gera nemendur meðvitaða um rétta athafnaröð og auðvelda þeim að átta sig á skóladeginum.

Þrjár stofur voru notaðar fyrir nemendur á starfsbraut 2, þ.e. 221 (heimastofa þeirra), 214 (kennslueldhús) og hliðarherbergi sem er innan af stofu 221.

### **Kennsluhættir:**

Lögð var áhersla á að vinna einstaklingsmiðað og ná hámarksárangri hjá nemendum jafnt sem kennurum. Nemendum var skipt í hópa í hverjum áfanga og kennarar, þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar sáu um viðkomandi hóp og aðlögun á námsefni eftir því sem þurfti hverju sinni.

Nemendur voru með námsefni sem tók mið af þeirra sérþörfum. Stundum var námsefnið það sama fyrir alla en nálgunin var misjöfn eftir hverjum nemenda fyrir sig. Kennsluaðferðir sem notaðar hafa verið á Starfsbraut 2 voru m.a. umræður og þá ræða nemendur gjarnan um afmarkað efni, skilgreina hugtök og koma með eigin reynslu og upplifun á efninu. Einnig unnum við oft hugmyndavef sem tekin er úr hugmyndafræði könnunaraðferðarinnar. Við notuðum hugmyndavefinn oft þegar við vorum að undirbúa gestaheimsóknir og skrifuðum þá gjarnan nafnið á gestinum upp á töflu og skráum niður spurningar og vangaveltur sem nemendur komu með.

Nemendahópnum var oftast skipt í tvo til tvo hópa. Tilgangurinn með því var að skapa rólegra vinnurými, vinna einstaklingsmiðaðra og skipta ábyrgðinni á kennara. Þetta kom mjög vel út. Nemendalega séð voru ákveðnir nemendur sem nutu sín betur í litlum nemendahópi og fyrir kennara var markvissara að aðlaga námsefni fyrir minni hóp og þá var einnig auðveldara að breyta og aðlaga eftir því sem hentaði hverjum og einum. Skiptingin var misjöfn eftir námsgreinum.

Snertitaflan er mikið notuð í námi og kennslu. Félagshæfnisögur hafa verið notaðar fyrir alla nemendur, við höfum undirbúið nemendur undir breytingar með því að setja upplýsingarnar upp í form félagshæfnisagna. Það hefur komið mjög vel út og höfum við verið að þróa okkur áfram með útlit og form félagshæfnisagnanna, m.t.t. hvernig best sé að hafa þetta fyrir framhaldsskólanemendur. Undirrituð fékk styrk frá þróunarsjóði námsgagna um að gera námsefni fyrir nemendur í efri bekkjum grunnskóla og fyrir nemendur á starfsbrautum í formi félagshæfnisagna og lauk við frágang og skil á verkefninu í lok júní 2011.

Lögð er áhersla á að taka myndir af nemendum í námi og starfi. Myndirnar eru síðan notaðar til upprifjunar, umræðu, verkefnagerðar og/eða til þess að hafa þær sýnilegar uppi á veggjum í skólastofunni. Einnig sem nemendur nýta sér myndirnar til að setja á bloggsíður sínar.

Við notuðum forritið „kidspiration“ þegar við unnum hugmyndavefi. Þetta forrit hefur nýst okkur mjög vel og eru nemendur áhugasamir og viljugir til að nýta sér það í námi og starfi.

Lögð var áhersla á að tengja námið við daglegt líf og undirbúa nemendur sem best fyrirþátttöku á vinnumarkaði og í lífinu almennt. Það var rauður þráður í allri kennslu og haft að leiðarljósi í öllum námsgreinum, s.s. stærðfræði, STV, Íslensku og fleiri fögum.

### **Almennir áfangar**

Í haust stundað einn nemandi nám í almennum áfanga í íþróttum. Á vorönn stunduðu tveir nemendur nám í almennum áfanga í íþróttum og einn í íþróttufræði (körfuboltafræðum og íþróttufræði). Einn nemandi stundaði nám í húsasmíði, þ.e. 9 eininga áfanga

### **Einstaklingsnámskrár**

Einstaklingsnámskrár voru unnar fyrir alla nemendur. Þær voru kynntar fyrir foreldrum nemenda sem voru yngri en 18 ára (nemendur voru ávallt velkomnir með). En þeir nemendur sem voru orðnir 18 ára og eldri hittu umsjónakennara sinn og fóru yfir námskránnu með kennara. Þetta kom mjög vel út, þar sem nemendur fengu tækifæri til að koma með eigin óskir og hugmyndir um innihald námskráarinnar. Þeir voru hvattir til að spyrja og koma skoðunum sínum á framfæri. Ef nemendur voru sáttir við markmiðin og leiðirnar í námskránni staðfestu þeir það með undirskrift sinni í námskránni, einnig sem þeir þurftu að samþykkja það að námskráin mætti vera aðgengileg öllum starfsmönnum Starfsbrautarinnar, foreldrum þeirra eða þeim sem koma að málum þeirra. Þetta kom mjög vel út og skapaðist oft gott tækifæri til að útskýra og ræða um hugtök í námskránni. Umsjónakennari sá um einstaklingsnámskrágerð fyrir sína umsjónanemendur, ásamt því að kynna hana fyrir nemendum og/eða foreldrum. SKV (skipulögð vinnubrögð) tímarnir voru oftast nýttir til að fara yfir námskránnar með nemendum. Í lok annar var námskráin endurskoðuð og ítarlegt námsmat unnið fyrir hvern og einn nemanda. Þetta gafst mjög vel bæði fyrir nemendur og kennara, ætlunin er að viðhalda þessum vinnubrögðum.

### **Opinn dagur**

Opinn dagur var haldinn 4. október. Mætingin var góð (rúmlega 20 manns) og gaman er að sjá hversu nemendur eru áhugasamir um þennan dag. Þeir eru duglegir að minna kennara á að skipuleggja daginn með þeim. Undirbúningur fór m.a. fram í lífsleiknitíma, þ.e. nemendur skoðuðu gamlar myndir af starfsbrautarnemendum, rifjuðu upp nöfn og nemendur tóku að sér að láta þá fyrrverandi nemendur sem þeir þekkja vita af opna deginum. Farið var með auglýsingar í verslanir og sumir auglýstu á facebook síðum sínum.

### **Liðveisla**

Á haustönn var einn nemandi með liðveislu. Markmiðið með liðveislu er “nemandi fyrir nemanda” þ.e. að fá nemendur í skólanum til að aðstoða nemendur á starfsbraut. Einnig að styrkja félagslega stöðu nemenda á starfsbraut með því að fá tækifæri til að falla í hópinn með öðrum nemendum skólans.

## Jólahittingur

Í desember héldum við jólahitting. Lögð var áhersla á að spjalla saman, hlusta á jólalög og eiga góða stund saman á aðventunni. Einnig var ákveðið að halda í hefðina og skiptast á litlum jólagjöfum, en hámarkskostnaður við þær eru 500 kr. Að mínu mati var þetta mjög vel heppnuð og skemmtileg stund.

## Þemadagar

Þemadagarnir voru haldnir með hefðbundnu sniði og heppnuðust þeir mjög vel. Nemendur tóku þátt eftir áhuga sviði sínu.

Kennarar og aðstoðarkennarar skiptu sér á nemendur og náðist að fylgja þeim nemendum eftir sem þurftu þess. Sumir kennarar gengu á milli stofa og kíktu á nemendur sem veittu mörgum þeirra öryggi og aðhald.

Sumir óhefðbundnir dagar eins og Þemadagarnir, reynast starfsbrautarnemendum oft erfiðir þar sem brugðið er út af hefðbundinni stundaskrá. Ávallt er reynt að koma til móts við nemendur varðandi þetta og reynt að fyrirbyggja vandamál sem hugsanlega geta komið upp. Sveigjanleiki og viðhorf starfsfólk hefur mikið með þetta að segja og teljum við okkur hafa náð að vinna einstaklingsmiðað og aðlaga að hverjum og einum sem er jú okkar hlutverk sem kennarar og aðstoðarkennarar.

## Starfsnám

Nemendum var skipt í tvo hópa, þ.e. nemendur sem voru á fyrsta og öðru ári voru saman og nemendur á þriðja og fjórða ári voru saman í hópi. Nemendur voru þó stundum saman í þessum tímum og fóru saman sem hópur í vettvangsferðir. Dæmi um vettvangsferðir sem farið var á þessu skólaári var, heimsókn í Sigurjónsbakarí, á veitingarstaðinn Langbest og í matvöruverslunina Kaskó. Vettvangsferðirnar gengu afbragðsvel og tekið var vel á móti nemenda- og kennarahópnum. Nemendur komust á fréttavef Víkurfréttar eftir að hafa farið í vettvangsferð á Langbest og þar fengu nemendur að baka sína eigin pítsur og tengja nám við vettvang.

Alls komu þrír gestir til okkar en það var Sturla Bragason sem er kerfisstjóri í FS. Hann sagði nemendum frá sér og þeim verkefnum sem hann sinnir í starfi sínu. Síðan kom Jakob Gunnar Lárusson en hann er fyrrverandi nemandi á starfsbraut sem starfar nú í Bónus. Að lokum kom Ingólfur Þórarinnsson, tónlistarmaður sem er betur þekktur undir nafninu „Ingó Veðurguð“. Nemendur á þriðja og fjórða ári fóru út á vettvang og störfuðu í 4-6 vikur í senn. Hér má sjá dæmi um vettvangsstaði sem nemendur sóttu á skólaárinu.

Leikskólinn Krókur	Dýraspítalinn	KFC
Kaffitár	Verkstæði	Víkurfréttir
Fiskverkun	Listavinnustofur	Eggjabú

## **Söngvakeppni**

Boðið var upp á tónlistaráfanga og kom það mjög vel út. Markmiðið með áfanganum var m.a. að undirbúa nemendur fyrir söngvakeppni starfsbrauta sem haldin var í Fjölbrautaskólann við Ármúla þann 29.mars. Horft var á myndbönd sem skólinn á af þeim söngvakeppnum sem haldnar hafa verið, hlustað var á tónlist sem vinsæl er í dag og nemendur fengu tækifæri til að æfa og útfæra atriði sitt. Undankeppni var haldin 15. mars í FS og þátttakan var ótrúlega góð, þ.e allir nema einn af þeim sem voru í áfanganum tóku þátt (einn nemandi gat ekki tekið þátt vegna veikinda). Ásgerður Rós vann undankeppnina sem haldin var í FS og söng fyrir hönd FS í Ármúla. Þar náði hún, ásamt bakröddum sínum þeim, Lindu, Thelmu og Guðmundi Inga 2 sæti.

## **Fundir**

Margir fundir voru haldnir á skólaárinu. Á hverjum fimmtudegi var fagfundur með öllu starfsfólki starfsbrautar 2 frá kl 14:20-15:30. Á þessum fundum var farið yfir málefni nemenda, áherslur í starfi og miðlað upplýsingum. Nokkrir teymisfundir voru haldnir en þá sækja umsjónarkennarar, fagstjóri og sá aðstoðarkennari sem er mest með viðkomandi nemanda.

Foreldrafundir með nemendum sem eru yngri en 18 ára voru haldnir eftir þörfum, þ.e. í samráði við foreldra og fóru þeir fram í Fjölbrautaskólanum eða úti í bæ.

Greiningar- og ráðgjafastöð Ríkisins boðaði til nokkra funda þar sem kynntar voru nýjar niðurstöður hjá þeim nemendum sem höfðu sótt þjónustu hjá þeim. Haldnir voru nokkrir fundir með foreldrum nemenda sem eru væntanlegir í FS á næsta skólaári.

Kennslustjórafundur var haldin 14. október í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

## **Próf**

Allir nemendur tóku lokapróf sem voru sniðin að hverjum og einum. Ásamt því fengu allir nemendur námsmat fyrir allar þær námsgreinar sem þeir voru í og er það liður í því að koma til móts við þarfir hvers og eins.

Allir nemendur á starfsbraut fara í próf því þeir hafa sótt tíma í ákveðinni námsgrein heila önn og þar af leiðandi hefur kennari kennt og útbúið námsefni í eina námsönn sem gefur honum tækifæri til að prófa úr því sem unnið var með í tímum. Námsmat er eitthvað sem við erum sífellt að endurmeta.


## **Útskrift**

Þrír nemendur útskrifuðust í maí 2012. Það voru þau, Ari Páll Vignisson, Ástvaldur Ragnar Bjarnason og Ingólfur Andrason.

## Námskeið og þróunarverkefni:

Undirrituð tók þátt í þróunarverkefni sem margir kennarar í FS tóku þátt í. Markmiðið með verkefninu var að gera FS að skemmtilegri skóla sem nemendum og starfsfólki líður vel í. Ég tel það vera hag minn og nemenda minna að fá tækifæri til að taka þátt í slíkri vinnu. Ég styrkist ekki einungis sem fagmaður, heldur eflir þetta mig í nýsköpun og veitir mér tækifæri til að vinna faglega með öðrum úr kennarahópnum og styrkja um leið lærdómssamfélagið í mínu skólasamfélagi.

Ég tók þá ákvörðun um að útbúa upplýsingaform fyrir væntanlega nemendur á starfsbraut í formi tilfærsluáætlunar. Með það að leiðarljósi að fá raunhæfa náms- starfs- og félagslega stöðu nemenda. Hér fyrir neðan má sjá vinnuferlið.



Afrakstur þessa vinnu var 11. bls. skjal með ítarlegum upplýsingum sem koma sér vel fyrir kennarar og/eða nemendur. Í þeim tilgangi að hægt sé að mæta þörfum nemenda við skólabyrjun. Skjalið er í stöðugu endurmati og voru grunnskólakennarar á Suðurnesjum boðaðir á fund og kynntar áherslur og útfærsla. 6 grunnskólar eru að prufukeyra verkefnið, þ.e. Njarðvíkurskóli, Grunnskólinn í Sandgerði, Holtaskóli, Gerðaskóli, Akurskóli og Grunnskóli Dalvíkurbyggðar

Gaman er að segja frá því að verkefnisstjóri sérkennslu á eldra stigi Grunnskóla Dalvíkurbyggðar hafði samband við mig eftir að hafa séð auglýsingu um málþingið og óskaði eftir því að fá að taka þátt í að prufukeyra tilfærsluáætlunina í sínu skólasamfélagi. Einnig



hafa tveir framhaldsskólar fengið afrit, þ.e. Verkmenntaskólinn á Akureyri og Fjölbrautaskólinn í Ármúla.

#### *Flensborgarskóli*

15. október komu kennarar og stuðningsfulltrúar frá Flensborg í Hafnarfirði og kynntu sér störf og námsgöng sem unnið er með á starfsbraut 2.

#### *Þjónustu- og þekkingarmiðstöð*

Brynja Brynleifsdóttir, ráðgjafi frá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð kom nokkrum sinnum á skólaárinu og veitti ráðgjöf eftir þörfum.

#### *Punktaletursnámskeið*

5. sept. fóru Telma Rut Eiríksdóttir og Þórunn Svava Róbertsdóttir á punktaletursnámskeið

#### *Heimsókn*

Linda Birgisdóttir, þroskaþjálfari sem starfar í Njarðvíkurskóla kom á vorönn í þeim tilgangi að kynna sér námsefni og áherslur í kennslu í heimilisfræði.

Nemendur úr grunnskólum á Suðurnesjum koma reglulega til að kynna sér námsframboð skólans og/eða starfsbrautar.

#### **Sendiherrar**

Á vorönn komu 4 einstaklingar og héldu kynningu fyrir nemendum. Þeir kölluðu sig „Sendiherrar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks“. Verkefnið er samstarfsverkefni Landssamtakanna Þroskahjálpar og Fjölmenntar sem er símenntunar- og þekkingarmiðstöð.

Meginmarkmið verkefnisins er að fræða um réttindi fatlaðs fólks og freista þess að breyta ímynd fatlaðra einstaklinga.

#### **Dæmabrautir**

Á þessu skólaári sat undirrituð (ásamt skólameistara) í starfshóp um dæmabraut fyrir starfsbrautir framhaldsskóla sem var skipaður af mennta- og menningarmálaráðuneytinu haustið 2011.

Meðlimir:

Kristján Ásmundsson, tilnefndur af Félagi íslenskra framhaldsskóla

Nanna Þóra Andrésdóttir, tilnefnd af Fagfélagi starfsbrautakennara

Rögnvaldur Ragnar Símonarson, tilnefndur af Fagfélagi starfsbrautakennara

Soffía Unnur Björnsdóttir, tilnefnd af Fagfélagi starfsbrautakennara

Þórunn Svava Róbertsdóttir, tilnefnd af Fagfélagi starfsbrautakennara

Björg Pétursdóttir og Ragnheiður Bóasdóttir í mennta- og menningarmálaráðuneyti voru hópnun innan handar og ráðgjafar á meðan á starfi hópsins stóð en lokafundur var 25. maí 2012. Vinna hófst formlega þann 20.1. 2012 og lauk 25.5. 2012. Gerð var tillaga að námsbraut fyrir einstakling á starfsbraut með fjórar kjarnagreinar og valáfanga þar fyrir utan. Hópurinn skilaði niðurstöðum af sér og munu síðan kynna þær formlega á fundi kennslustjóra starfsbrauta í haust.

### **Námsefni**

Flensburg og aðrir framhaldsskólar hafa sýnt námsefni sem kennarar í FS hafa unnið mikinn áhuga og hafa kennarar verið duglegir að miðlaverkefnabókum, s.s. í íslensku, stærðfræði, fjölmiðlum, ökunámi og lífsleikni.

### **Starfshópur á vegum MMR**

Ásta Birna var skipuð í starfshóp um úrræði fyrir fatlaða nemendur í framhaldsskólum af mennta- og menningarmálaráðherra þar sem hún sat fyrir hönd Fagfélags starfsbrautakennara í framhaldsskólum. Markmiðið var að gera tillögur um sértæk úrræði fyrir nemendur með samsettar fatlanir, s.s. einhverfu og þroskahömlun, sem kalla á sérhæfða þjónustu og aðstöðu í framhaldsskólum.

Verkefni hópsins var að greina væntanlegan fjölda fatlaðra nemenda sem óska munu eftir skólavist í framhaldsskólum á næstu árum og þarfir þeirra. Hópurinn átti einnig að skoða hvaða aðstöðu og þjónustu þessir nemendur munu þarfnast í framhaldsskólunum og hvernig þeirri þjónustu yrði best fyrir komið. Hugmyndin var að byggja upp sem heildstæðasta þjónustu með aðkomu ólíkra aðila sem hafa með málefni fatlaðra að gera.

Aðrir sem voru í nefndinni voru: Bryndís Sigurjónsdóttir, f.h. Félags íslenskra framhaldsskólakennara. Guðrún Brynjólfsdóttir, f.h. Þroskahjálpar. Friðrik Sigurðsson, f.h. Þroskahjálpar. Þór G. Þórarinsson, f.h. Velferðaráðuneyti.

Vinnan gekk nokkuð vel en þó var hópunum ætlað mjög skammur tími eða einungis mánuð að klára verkefnið. Mikil áhersla var á að leysa þau verkefni sem lágu fyrir í Reykjavík þar sem nokkuð lá ljóst fyrir hvaða nemendum skólarnir á landsbyggðinni áttu von á að fá á næstu árum. Hópurinn hittist 5-6 skipti í u.þ.b. klukkustund í senn. Meðlimir starfshópsins fengu ekki greitt fyrir þessa vinnu og ekki var greiddur akstur fyrri Ástu Birnu.

### **Fagfélag**

Í október tók Þórunn Svava Róbertsdóttir að sér hlutverk meðstjórnanda í stjórn félags kennara sem kenna á starfsbrautum. Alls eru fimm kennarar á starfsbrautum (kennslustjórar) í stjórn og hlutverk félagsins er að efla upplýsingaflæði og samstarf milli brauta og skapa vettvang til að miðla þekkingu.

## Erindi og fyrirlestrar

Laugardaginn 4. febrúar flutti Þórunn Svava Róbertsdóttir erindi um starfsnám og námsmat fyrir starfsbrautarkennara sem voru í vettvangsnámi.

Fimmtudaginn 10. nóvember hélt Þórunn Svava Róbertsdóttir erindi um hvernig nýtum við tæknina í kennslu á starfsbrautum. Erindið var haldið í FB fimmtudaginn kl. 17:00 - 19:00 og kynnt var m.a. forrit sem heitir "Kidspiration" og hvernig það er notað í kennslu.

Fimmtudaginn 16. febrúar hélt Þórunn Svava Róbertsdóttir erindi um námsefni, skipulag og hugmyndafræði starfsnáms eins og það er unnið í FS. Erindið var haldið á vegum fagfélags kennara sem kenna á starfsbrautum.

Þriðjudaginn 27. Mars hélt Ásta Birna Ólafsdóttir erindi í Fjölbautaskólanum í Breiðholti Erindið var um kennsluáferðir til að mæta nemendum á einhverfurófi sem oft skynja umhverfi sitt á annan hátt.

4. -7. júní var Þórunn Svava Róbertsdóttir, ásamt Sigurði Fjalar Jónssyni með námskeið sem haldið var í samstarfi við FSF - Félag starfsbrautakennara í framhaldsskólum og Endurmenntun Háskóla Íslands. Markmið námskeiðsins var að efla hagnýtta þekkingu og færni kennara til að vinna að námsefnisgerð og aðlögun námsefnis.

Námskeiðinu var ætlað að efla þekkingu og hæfni kennara á starfsbrautum til að nýta upplýsingatæknina á hagnýtan hátt í starfi sínu. Annars vegar við nýsköpun og aðlögun kennsluefnis og hins vegar sem skapandi verkfæri með nemendum. Í fræðilega hlutanum var kynning á fjölbreyttum kennsluháttum sem nýst hafa vel í kennslu einstaklinga með fötlun og kynning á hvað er mikilvægt að hafa í huga varðandi námsefnisgerð s.s. framsetningu námsefnis, útlit, leturgerð og leturstærð.

## Að lokum

Veturinn hefur verið áhugaverður, skemmtilegur og krefjandi. Ásta Birna Ólafsdóttir, sérkennari kom aftur til starfa eftir fæðingarorlof og nýr þroskaþjálfar hófu störf sl. haust. Að mínu mati hafa nemendur tekið út mikinn þroska og færni á mörgum sviðum. Ég hef oft litið á mig sem nemanda, því nemendur á starfsbraut 2 hafa ekki síður kennt mér nýja sýn, ný viðhorf og að hugsa í lausnum en ekki í vandamálum eða hindrunum. Á starfsbraut 2 hefur verið unnið metnaðarfullt starf, lögð hefur verið áhersla á einstaklingsmiðað nám og að skapa aðlaðandi umhverfið fyrir nemendur og kennarar. Ég á eftir að sakna nýútskrifaðra nemenda, en óska þeim velgengni og vellíðan í framtíðinni og er fullviss um það að þau verði fær um að taka þátt í atvinnulífinu og veðri samfélaginu sem við búum í til sóma.

Þórunn Svava Róbertsdóttir, fagstjóri á starfsbraut 2, tók saman.

## 9. Skýrsla bókasafns

Bókasafnið er staðsett á 1. hæð í nýjasta hluta skólahússins. Safnið er þar í 250 m<sup>2</sup> húsnæði. Þar er lessalur, tvö hópvinnuherbergi, geymsla inn af afgreiðslu og önnur stærri geymsla. Í lessal eru 24 básar, í hópvinnuherbergjum eru sæti fyrir 20-25 manns auk borða í almenna hluta safnsins. Notendur hafa aðgang að fjórum tölvum og fyrir framan safnið er prentari/ljósritunarvél. Allur kostur safnsins er skráður í bókasafnskerfið MetraBók og er hægt að leita í kerfinu í gegnum vef skólans. Starfsmenn bókasafnsins eru tveir, Guðmann Kristþórsson bókasafnsfræðingur og Maríanna Einarsdóttir bókavörður.

### Skólaárið 2011-2012

Bókasafnið var opið mánudaga-fimmtudaga kl. 8:00-16:30, föstudaga kl. 8:00-15:00 og á þriðjudögum kl. 19:00-21:00. Alls var safnið því opið 43 tíma í viku. Aðsókn af safninu var góð og hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Útlánnum hefur fækkað heldur undanfarin ár en lán innan safns/skóla eru fleiri. Það er m.a. vegna þess að í nokkrum stórum verkefnum eru safngögn ekki lánuð út en nemendur nota þau í staðinn á safninu og í kennslustofum. Safnið tók þátt í samstarfi bókasafna í framhaldsskólum en Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum hefur starfað í rúm 20 ár. Haldnir eru 3-4 fundir á ári en auk þess heldur hópurinn úti tölvupóstlista.

### Aðföng og safnkostur

	Aðföng 2011-2012	Safnkostur	Aðföng 2011-2012	
Bækur	180	17.038	Keypt	192
Myndefni	51	1.069	Aðsent	14
Hljóðefni	0	239	Gjafir	29
Hljóðbækur	4	90		
Margmiðlunardiskar	0	72	Kennslubækur	16
Annað	4	12		
Afskrifað: 12				
<b>Samtals</b>	<b>235</b>	<b>18.520</b>		

### Aðföng - efnisflokkar

000 Almennt efni	5	500 Raunvísindi	8
100 Heimspeki, sálfræði, siðfræði	5	600 Tækni, vísindi, framleiðsla	15
200 Trúarbrögð	1	700 Listir, skemmtanir, íþróttir	35
300 Samfélagsfræðigreinar	33	800 Bókmenntir	95
400 Tungumál	9	900 Sagnfræði, landafræði og ævisögur	29

### Tímaritaáskriftir: 35

Auk þess berast safninu nokkur ókeyps tímarit auk fréttá- og dreifibréfa.

## Útlán

000 Almennt efni	15
100 Heimspeki, sálfræði, siðfræði	50
200 Trúarbrögð	26
300 Samfélagsfræðigreinar	106
400 Tungumál	8
500 Raunvísindi	47
600 Tækni, vísindi, framleiðsla	61
700 Listir, skemmtanir, íþróttir	111
800 Bókmenntir	626
900 Sagnfræði, landafræði og ævisögur	181
<b>Samtals</b>	<b>1.231</b>

Millisafnalán: 12

Lán innan safns/skóla: 1.244 (haustönn 651, vorönn 594)

Guðmann Kristþórsson, bókasafnsfræðingur, tók saman.

## 10. Skýrsla námsráðgjafa

Skólaárið 2011-2012 voru fjórir námsráðgjafar starfandi við skólann. Elín Rut var í 25% stöðu sem námsráðgjafi og 75% stöðu sem áfangastjóri. Heiða Kristín var í 75% stöðu sem námsráðgjafi og 25% stöðu sem forvarnarfulltrúi. Sesselja var í 78% stöðu sem námsráðgjafi. Guðbjörg var ráðin sem verkefnastjóri í átakinu Nám er vinnandi vegur á vegum menntamálaráðuneytisins og var hún í 100% stöðu.

Nemendafjöldi á haustönn 2011 var u.þ.b. 1120 og um 1009 á vorönn 2012.

Í kvöldskólanum voru u.þ.b. 70 nemendur á haustönn og 23 á vorönn.

Grunnskólanemar voru u.þ.b. 88 nemendur báðar annir.

### Verkaskipting námsráðgjafa

Elín hefur sinnt tengslastarfi við Virkjun í vetur og sótt ýmsa fundi þar. Hún hefur og séð um skipulag fyrir umsjónartíma og komið inn í ýmsa vinnu og skipulagningu hjá námsráðgjöfum. Að öðru leyti hefur hún unnið mikið með stjórnendum skólans.

Guðbjörg sá um verkefnið „Nám er vinnandi vegur“ sem er samstarfstarfsverkefni mennta- og menningamálaráðuneytis, Vinnumálastofnunar og Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Heiða sá um námstækninámskeið á haustönn og vorönn. Hún sá einnig um námstækni í lífsleiknihópum skólans og var með námskeið í ferilskrágerð í hárgreiðsludeildinni. Heiða mun hafa umsjón með innritun í fornám og hefur hún unnið með kennurum í fornáminu. Heiða kom einnig aðeins inn í kynningar í grunnskólum á haustönn.

Sesselja sá að mestu leyti um kynningar í grunnskólum á svæðinu á haustönn. Hún sá einnig um prófkviðanámskeið á haustönn og vorönn. Sesselja fór með fyrirlestur um ferilskrágerð í

umsjónartíma hjá útskriftarnemendum á haustönn og vorönn. Sesselja hefur haft umsjón með nemendum sem eru með ofvirkni og/eða athyglisbrest og boðið þeim upp á sérstaka aðstoð t.d. við að halda utan um námið. Sesselja hafði umsjón með sérstöku póstfangi námsráðgjafa þar sem hún sá um að deila verkefnum til annarra námsráðgjafa. Sesselja hefur haft umsjón með skipulagningu og umsjón nýnemadagsins sem haldinn er í upphafi hverrar haustannar.

Sesselja, Heiða og Guðbjörg sáu um móttöku grunnskólanema sem komu í heimsókn til okkar á vorönn. Þær sáu einnig um viðtöl á almennu brautinni. Allir námsráðgjafar hafa haft umsjón með nemendum með lestrarerfiðleika en Heiða hefur haldið utan um skýrslur og aðrar greiningar.

Í prófum á haustönn og vorönn skiptust námsráðgjafar á að sitja yfir nemendum sem þurftu sérstofu, þ.e. nemendur með prófkvíða eða önnur vandamál.

Önnur verkefni hafa verið unnið í sameiningu s.s. hluti nemenda sem teknir voru inn í skólann á skilyrðum í vetur voru í viðtölum og aðhaldi hjá námsráðgjöfum.

Námsráðgjafar aðstoða nemendur varðandi námsval, áhugasviðsgreiningar og töflubreytingar. Almenn viðtöl hvort sem þau eru tengd námi eða líðan hafa allir námsráðgjafar sinnt. Einnig hafa námsráðgjafar aðstoðað stjórnendur við ýmis verkefni. Þetta er að sjálfsögðu ekki tæmandi hér því ýmis tilfallandi störf koma upp sem þarf að sinna og er reynt að gera það eftir bestu getu.

## **Viðtöl**

Nemendur geta bókað viðtöl á skrifstofu skólans og eiga auk þess greiðan aðgang að námsráðgjöfum þegar þeir eru lausir.

Þeir sem bóka viðtöl eru oftast nemendur í dagskóla. Talsvert er einnig um að nemendur í kvöldskóla leiti til námsráðgjafa svo og fólk sem er að velta fyrir sér að hefja nám við skólann. Grunnskólanemendur og foreldrar þeirra leita oft til námsráðgjafa á vorin sem og foreldrar nemenda okkar. Það er enn þannig að mikill meirihluti þeirra sem koma til námsráðgjafa eiga ekki bókað viðtal.

Námsráðgjafar sinna oft ráðgjöf og svara fyrirspurnum í síma. Ýmis ráðgjöf og samskipti með tölvupósti eru líka mikil.

Segja má að langflestir sem koma til námsráðgjafa séu að velta fyrir sér námi og störfum. Mjög margir koma til að fá aðstoð við gerð námsáætlunar. Nokkuð stór hópur kemur vegna stuðnings og er þá ýmist um að ræða stuðning varðandi námið s.s. námstækni, upplýsingar um aðgengi að Blindrabókasafninu, persónulegra mála eða prófkvíða svo eitthvað sé nefnt.

Nokkur hópur hefur leitað til námsráðgjafa til að fá að taka áhugasviðskönnun. Í vetur, eins og undanfarin ár, höfum við notað áhugasviðskönnunina í leit að starfi en hún byggir á kenningum Holland eins og flestar áhugasviðsgreiningar sem eru í notkun.

Áhugasviðsgreiningin, í leit að starfi, er stöðluð miðað við íslenskar aðstæður af

Námsmatsstofnun og er miðað við að nemendur hafi náð 18 ára aldri til að útkoman sé marktæk.

### **Námsstuðningur**

Nemendur sem hafa lestrargreiningu eða annars konar greiningu úr grunnskóla eru hvattir til að skila þeim gögnum til námsráðgjafa strax við upphaf skólagöngu hér. Námsráðgjafar setja inn í athugasemdadálkinn í Innu upplýsingar um nemendur sem hafa ýmiskonar greiningar. Þeir hafa einnig sent póst á alla kennara nemenda með lesblindu og annarra nemenda sem hafa greiningar sem gott er að kennarar viti um. Þetta er gert í upphafi hverrar annar.

Námsráðgjafar sjá um að skrá þá sem hafa lestrargreiningu á Blindrabókasafnið ef þörf er á. Ef grunur um lesblindu kemur upp og nemandi hefur ekki þegar farið í greiningu reyna námsráðgjafar að meta hvort ástæða sé til greiningar. Nemendum, sem óskað hafa eftir greiningu, hefur þurft að vísa til einkaaðila sem er frekar dýr kostur og því mikilvægt að þessi mál séu skoðuð vel í grunnskóla.

Það voru um 100 lesblindugreiningar hjá nemendum FS báðar annir. Auk þessara greininga hefur námsráðgjafi upplýsingar um þó nokkurn hóp nemenda sem eiga við einhvers konar námserfiðleika að etja sem tengjast lestri en hafa ekki skilað inn greiningu.

Nokkrir nemendur hafa greiningu um sértæka námsörðugleika, aðra en lestrarerfiðleika, en þeir fá ekki sérstakan stuðning við sitt hæfi utan þess sem býðst á starfsbraut og í fornámi. Reynt er þó að koma til móts við þá sem þess óska með einstaklingsmiðuðum úrræðum.

Um það bil fimm nemendur voru með greiningu um stærðfræðiblindu báðar annir.

Á þessu skólaári voru um 30 greiningar um nemendur með ADHD eða ADD. Haldið hefur verið sérstaklega utan um þessa nemendur og þeir boðaðir í viðtöl hjá námsráðgjafa í upphafi annar. Þar er þeim boðinn stuðningur í námi sem felur m.a. í sér aðstoð við að skipuleggja námið og aðhald.

Námsráðgjafar koma upplýsingum á framfæri við kennara varðandi nemendur sem hafa greiningar og annað eftir því sem við á.

Námsráðgjafar hafa boðið upp á fræðslu og stuðning varðandi námstækni og skipulag í námi. Þó nokkrir hafa nýtt sér þetta en þessi fræðsla hefur farið fram einstaklingslega eða í litlum hópum. Á þessu skólaári var boðið upp á tvö námstækninámskeið í september og febrúar. Námsráðgjafar hafa einnig veitt nemendum stuðning sem átt hafa við prófkviðavanda að etja. Á þessu skólaári var haldið eitt prófkviðanámskeið í nóvember og annað í apríl. Auk námskeiðanna var einstaklingsfræðsla á báðum önnum varðandi próftöku, prófkviða og sjálfsstyrkingu.

Nemendur með sértæka námserfiðleika s.s. lesblindu hafa kost á því að fá prófin lesin upp á MP3- spilara, að fá stækkað letur, að taka próf á tölvu og litaðan pappír svo eitthvað sé nefnt. Margir nemendur hafa nýtt sér þessa þjónustu og virðist þetta gefa góða raun. Allir nemendur hafa kost á því að sitja 30 mínútur lengur í prófum.

Þeir nemendur sem vilja fá að taka prófin í einrúmi fer stöðugt vaxandi og er fundin sérstofa fyrir þessa nemendur (sem eru þó saman í stofu) og situr námsráðgjafi þar yfir prófum. Námsráðgjafar halda utan um þessar umsóknir en nemendur þurfa að sækja um þessa þjónustu fyrir hvert próftímabil.

Undanfarin ár hefur verið í gangi samkomulag við Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar varðandi sálfræðiþjónustu við nemendur. Þetta fyrirkomulag hefur gengið vel og hafa námsráðgjafar yfirleitt boðið einstaklingum þessa þjónustu sem þeir telja að þurfi á henni að halda. Einstaka nemendur eða foreldrar hafa óskað eftir þessu sjálfir. Kennarar hafa einnig bent á nemendur sem þeir telja vera í erfiðleikum og hafa þá námsráðgjafar jafnan samband við viðkomandi nemanda.

Sálfræðiþjónustan felur það í sér að við bjóðum nemendum að fara í nokkur viðtöl þeim að kostnaðarlausu. Námsráðgjafar eru milligöngumenn en nemendur undir 18 ára aldri þurfa samþykki foreldra til að fara í slíkt viðtal. Sálfræðingur hefur samband við viðkomandi nemanda varðandi bókun í tíma. Miðað er við að fjöldi viðtala á einstakling fari ekki yfir þrjú og málum þá vísað í annan farveg ef þörf er á. Þessi þjónustusamningur er í þróun og verður endurskoðaður eftir þörfum.

### **Fornám**

Nemendur sem sækja um í fornám koma í viðtal, ásamt forráðamanni, til Heiðu námsráðgjafa. Þessi viðtöl eru í júní strax að lokinni innritun. Í viðtalinu er fyrirkomulag náms í fornámsdeild kynnt. Rætt er um fyrra námsgengi og fyrirhugað nám, áhugasvið og framtíðarvæntingar.

Námsráðgjafi fundar með kennurum fornámsdeildar vikulega þar sem gengi námsins í deildinni er rætt. Námsráðgjafi aðstoðar alla nemendur í fornámi við að velja bæði um jól og að vori. Þegar upp koma erfiðleikar varðandi einstaka nemendur í fornámsdeild þá er námsráðgjafi kennurum innan handar í viðtölum við foreldra og nemendur.

### **Starfsbraut**

Námsráðgjafar eru umsjónarmönnum starfsbrautar innan handar eftir þörfum s.s. varðandi val, samskipti við foreldra, samskipti við félagsmálastofnun, samskipti við Greiningastöðina og agamál svo eitthvað sé nefnt. Þetta skólaár voru Heiða og Sesselja með nokkra nemendur af starfsbrautinni í viðtölum að ósk umsjónarmanna starfsbrautar 1.

### **Foreldrasamstarf**

Nokkuð er um að foreldrar 10. bekkinga hringi og leiti upplýsinga varðandi val barna þeirra á samræmdum prófum. Foreldrar grunnskólanemenda, sem eiga við sértæka námsörðugleika að etja, hafa einnig haft samband til að forvitnast um möguleika barna þeirra innan skólans. Námsráðgjafar mæta alltaf á foreldrafundi í grunnskólum á svæðinu sé þess óskað. Fundur með foreldrum nýnema var haldinn í september þar sem starf námsráðgjafa var m.a. kynnt.



Mikið og öflugt foreldrasamstarf hefur jafnan verið við foreldra/forráðamenn nemenda í fornámsdeild og tekur námsráðgjafi þátt í því eftir þörfum.

### **Námskeið og fagfundir**

Sesselja fór á námskeið í október á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands sem hét „Þunglyndi ungmenna: einkenni og viðbrögð“.

Allir námsráðgjafar skólans fóru ásamt nokkrum öðrum starfsmönnum FS á fund á vegum Velferðarvaktar Suðurnesja í október. Þar var kynning á þeim úrræðum sem fólki á Suðurnesjum stendur til boða.

Guðbjörg fór á fundi hjá samstarfsaðilum vegna átaksins „Nám er vinnandi vegur. Í tengslum við það átak tóku námsráðgjafar þátt í námskynningu í Stapa í mars þar sem námsframboð skólans var kynnt.

Heiða fór á kynningu í Stapa í febrúar þar sem grunnskólanemendum var boðið uppá að afla sér upplýsinga um störf og menntunina á bak við starfið.

### **Fundir innan FS**

Námsráðgjafar sóttu fundi og námskeið sem í boði voru innan skólans.

### **Skólaheimsóknir**

Allir 10. bekkingar á svæðinu fengu kynningu frá námsráðgjafa FS á haustönn og þar var m.a. kynnt inntökuskilyrði í FS, námsframboð skólans og fyrirspurnum svarað.

Á vorönn komu 9. bekkingar grunnskólanna á svæðinu í heimsókn í FS.

Eins og venja er var gengið um skólann og helstu staðir kynntir og litið við í nokkrum bóknámsstofum. Nemendum gafst kostur á að spyrja spurninga jafnóðum ef þeim datt eitthvað í hug. Verknámskennarar tóku vel á móti nemendum og kynntu námsframboð í sínum deildum. Kynningunni lauk í fyrirlestrasalnum þar sem heimasíða skólans var kynnt og nokkrar námsbrautir skoðaðar auk kynningar frá nemendafélaginu sem fulltrúar þeirra sáu um.

### **Námskynningar**

Á skólaárinu hafa útskriftarnemar á báðum önnum fengið kynningar frá öllum stærstu háskólum landsins. Þessar kynningar hafa farið fram í umsjónartímum hjá útskriftarnemum.

Á báðum önnum var útskriftarhópunum boðið í heimsókn í HR.

Í maí fóru Heiða og Sesselja í námsferð með skólanum til Svíþjóðar þar sem tveir skólar voru skoðaðir.

### **Liðveisla**

Nokkrir nemendur tóku áfangann LIÐ 102 á þessu skólaári. Þessir áfangar er í samvinnu við félagsráðgjafa hjá Fjölskyldu- og félagsmáladeild Reykjanesbæjar svo og Fjölskyldu- og félagsmáladeildir í nágrannasveitafélögum.

## Töflubreytingar og fleiri störf

Í upphafi og lok anna hafa námsráðgjafar aðstoðað við ýmis tilfallandi störf eins og töflubreytingar, að slá inn val og annað sem tilheyrir þessum annatímum. Þeir hafa einnig verið að leiðrétta mætingareinkunnir, leiðrétta fyrir fall í lok annar og að skrá grunnskólanemendur inn í skólann.

### Aðrir samstarfsaðilar

- Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands
- Blindrabókasafnið
- BUGL- Barna- og unglingageðdeildin
- Félags- og fjölskyldudeildir sveitafélaganna á Suðurnesjum
- Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar
- Greiningastöð Ríkisins
- Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
- Námsráðgjafar í grunnskólum á Suðurnesjum
- Skólar á háskólastigi
- Sérkennarar í grunnskólum á Suðurnesjum
- Vinnumálastofnun Suðurnesja
- Virkjun mannauðs á Suðurnesjum

Námsráðgjafar Fjölbrautaskóla Suðurnesja tóku saman.

## 10.1 Nám er vinnandi vegur

Verkefnið „Nám er vinnandi vegur“ byggir á tillögum frá samráðshópi ráðuneyta, allra þingflokka, aðila vinnumarkaðarins og hreyfinga námsmanna sem forsætisráðherra skipaði. Öllum umsækjendum sem uppfylltu skilyrði og voru undir 25 ára (NVV/Y25) var tryggð skólavist í framhaldsskóla haustið 2011. Auk þess voru sköpuð námstækifæri fyrir atvinnuleitendur (VMST). Tilgangur verkefnisins var því tvíþættur. Annars vegar að gefa ungu fólki tækifæri til að hefja nám við framhaldsskóla og hins vegar að gefa ungum atvinnuleitendum tækifæri til að hefja nám án þess að missa atvinnuleysisbætur. Um áramótin 2011-2012 var fjárhagsaðstoð við atvinnuleitendur breytt í annað hvort lán frá LÍN eða styrk frá Vinnumálastofnun.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja ákvað að taka þátt í þessu verkefni og tók haustið 2011 inn í skólann tæplega 200 nemendur umfram þau nemendaígildi sem þeir höfðu. Haustið 2011 voru 193 nemendur tekni inn í skólann, 140 í NVV/Y25 og 53 frá VMST. Við upphaf vorannar voru fleiri teknir inn og því voru það 210 sem hófu nám þá önnina undir formerkjum þessa verkefnis. Það voru 174 í NVV/Y25 og 36 frá VMST. Þessir hópar verða að mestu teknir saman sem ein heild í þessari skýrslu.

## Verkefnið hjá FS

Um miðjan október var undirrituð ráðin við FS til að annast þetta verkefni fyrir hönd skólans. Ætlunin var að fylgjast grannt með þessum 200 nemendum og veita þeim allan þann stuðning sem mögulegt var þannig að þeir fengju jákvæða mynd af skólanum og náminu og gætu hugsað sér að halda áfram á þessari braut. Nemendur sem komu inn í skólann í tengslum við þetta átak dreifðust á hinar ýmsu brautir skólans og í margskonar áfanga. Erfitt var því að halda utan um nemendur sem einn hóp. Ráðgjöfin fór því meira fram á einstaklingsforsendum. Boðið var upp á stuðningsviðtöl og nemendur kallaðir til námsráðgjafa til að ræða um námið og framtíðarsýn. Reynt var að fylgjast mjög vel með mætingu þessara nemenda og námsgengi. Boðið var upp á leiðbeiningar um námstækni og prófkvíðanámskeið. Ljóst er að sumir nemendur komu inn aftur til náms af fullum áhuga og hafa staðið sig mjög vel og fallið vel inn í skólastarfið. Aðrir hafa átt í vandræðum með mætingar og nám og það eru þeir nemendur sem námsráðgjafarnir hafa meira sinnt og fylgt eftir. Þessir nemendur eru margir hverjir áhugasamir um að standa sig og þiggja alla þá aðstoð sem býðst á meðan aðrir virðast falla í sama farið og þegar þeir voru áður í skólanum, mæta illa og sinna náminu ekki vel. Svo virðist sem ýmiskonar andleg veikindi og fjárhagsástæður séu helstu ástæður þess að nemendur hverfi frá námi auk þess að námið er oft ekki við þeirra hæfi. Ekki virðist meira um sértæka námsörðugleika að ræða hjá þessum hópi heldur en almenna nemendahópnum. Flestir nemenda í átakinu hafa reynt að stunda nám í framhaldsskóla en hætt. Þeir sem hættu mjög snemma höfðu misst allan áhuga og hafa í viðtölum kennt því um að þeir lærðu ekki. Aftur á móti eru í þessum hópi nemendur sem eru langt komnir í námi og fjórir þeirra útskrifuðust í desember frá skólanum og 10 útskrifuðust vorið 2012. Enn aðrir eiga aðeins eftir eina til tvær annir. Því má sjá að hópurinn er mjög misjafn og misjafnar forsendur nemenda til að hefja aftur nám. Einnig hefur komið fram í viðtölum við nemendur sem komnir eru yfir tvítugt að þeim finnst erfitt að þurfa að sitja í byrjunaráföngunum en mun betra þegar komið er í framhaldsáfanga.

## Helstu niðurstöður

Í lok haustannar var brotthvarf nemenda í þessu verkefni á landsvísu 36,58% og þá eru taldir með þeir sem hættu á önninni, milli anna og þeir sem útskrifuðust um jólin. Sambærilegar tölur fyrir FS eru 27,5% fyrir haustönn og 29,5% fyrir vorönnina. Þessar tölur segja þó ekki til um brotthvarf almennt því inn í þeim eru nemendur sem hætta milli anna og eru að fara í annan skóla eða hafa útskrifast. Brotthvarf á önninni var 21,37% að meðaltali fyrir þátttökuskóla á haustönn og 12,435 á vorönn. Þeir nemendur sem hættu á haustönn í FS voru 20% af þeim sem hófu nám og á vorönn var þetta hlutfall 14%. Mismunurinn eru nemendur sem ljúka önninni en ætla ekki að koma aftur m.a. vegna þess að þeir eru að fara í annað nám, annan skóla s.s. hársnyrtinemar eða þá þeir hafa útskrifast. Brotthvarf þessa hóps sem stundaði nám við FS var því svipað og meðaltal þátttökuskólanna. Af þeim sem hættu á vorönninni í FS eða 30 nemendur voru 20 eða 66,67% sem höfðu verið teknir inn í

skólann um áramótin. Því má segja að minni lýkur séu á brotthvarfi hjá þeim nemendum sem halda námið út eina önn.

Eins og sjá má í meðfylgjandi töflum hættu 20% nemenda á haustönn og 14% á vorönn. Þeir sem voru á styrk eða námslánum frá LÍN hættu síður en þeir sem ekki höfðu slíkar greiðslur. Af þessum 39 sem hættu á haustönn voru 31 frá NVV/Y25 (22%) og 8 frá VMST (15%). Á vorönninni voru 30 nemendur sem hættu námi, 28 úr hópnum NVV/Y25 (11,5%) og 2 frá VMST (5%). Því má álykta að það sé hvetjandi fyrir nemendur að fá greiðslur á meðan á námi stendur og gerir þeim mögulegt að stunda námið. Svipað hlutfall kynja er í brotthvarfshópnum en mesti fjöldi brottfalls er af almennri braut. Nemendur sem stunda nám á almennri braut eru þeir sem ekki uppfylla námslegar kröfur inn á aðrar brautir. Ástæður brotthvarfs eru fyrst og fremst sökum slakrar mætingar. Slök mæting gefur fyrst og fremst til kynna áhugaleysi að mati námsráðgjafa því skólinn býður upp á ýmis úrræði fyrir nemendur sem geta ekki mætt reglulega s.s. ívilnun í mætingum, gerð skólasamnings og fleira sem kemur til móts við nemendur.

Mjög ánægjulegt er að sjá hversu margir útskrifast eða 7 af þeim 154 sem luku haustönn (4,5%) og 10 af 180 á vorönn (18%). Þeir nemendur sem luku önnunum náðu að meðaltali rúmlega 11 einingum á önn.

### **Haustönn 2011**

<b>Nemendur sem komu inn í FS</b>		
<b>Nám er vinnandi vegur</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>%</b>
Hættu á önninni	39	20
Útskrifast jól2011/annað nám	7	4
Áætla að koma aftur	140	73
Ætla ekki að koma eftir jól	7	4
<b>Samtals</b>	<b>193</b>	<b>100</b>

<b>Aldur nemenda</b>	
undir 18 ára	16
18-20 ára	65
21-25	73
26 og eldri	39

<b>Ástæður brotthvarfs</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>%</b>
Vinna	4	10
Fjölskaðst.	3	8
Veikindi	2	5
Flutningar	1	3
Mæting og áhugaleysi	29	74
<b>Samtals</b>	<b>39</b>	<b>100</b>

Bæjarfélag	Fjöldi	%	Hættir	%
Reykjanesbær	126	65	28	72
Garður	13	7	4	10
Grindavík	27	14	2	5
Sandgerði	14	7	3	8
Vogar	8	4	1	3
Utan Suðurnesja	5	3	1	3
<b>Samtals</b>	<b>193</b>	<b>100</b>	<b>39</b>	<b>100</b>

Skipting á brautir	í námi	hætt
Almenn braut	55	16
Ferðapjónustubr.	1	
Félagsfræðibr.	22	7
Grd. málm- og vélát.	6	3
Grd.bBygginga- og m	2	1
Hársnyrtibraut	6	
Heilbrigðis-og félp	1	
Húsasmíði	3	
Íþróttabraut	4	
Listnám	14	1
Löggæslubraut	2	
Málabraut	6	
Meistaránám	1	
Náttúrufr.br.	14	1
Rrafvirkjun	7	1
Sjúkraliðanám	15	3
Tölvufræðibr.	5	4
Tölvupjónustubr.	4	
Verknámsbraut	3	1
Vélstjórn	7	1
Viðbót til stúdents	5	
Viðskiptabraut	10	
<b>Samtals</b>	<b>193</b>	<b>39</b>

### Samantekt fyrir haustönn 2011

Námsárangur haustönn 2011
154 af 193 nemendum luku önninni eða 80%
140 nemendur af þessum 154 halda áfram á næstu önn (91%)
7 af 154 útskrifuðust eða fóru í annan skóla (4,5%)
39 af 193 hættu námi (20%) á önninni og 7 (4%) hættu í lok annar
154 nemendur luku 1821 einingu eða 11,8 pr. nem. að meðaltali
393 falleining eða 2,5 pr. nem. að meðaltali
157 úrsagangareiningar eða 1,1 pr. nem. að meðaltali

## Vorönn 2012

<b>Nemendur sem komu inn í FS</b>		
<b>Nám er vinnandi vegur</b>	<u>Fjöldi</u>	<u>%</u>
Hættu á önninni	30	14
útskrifuðust vorið 2012	10	5
Áætla að koma næsta haust	148	70
Ætla ekki að koma í haust	22	10
<b>Samtals</b>	<b>210</b>	<b>100</b>

<b>Aldur nemenda</b>	
undir 18 ára	13
18-20 ára	83
21-25	81
26 og eldri	33

<b>Ástæður brotthvarfs</b>	<u>Fjöldi</u>	<u>%</u>
Vinna	2	7
Fjölskaðst.	1	3
Mæting og áhugaleysi	27	90
<b>Samtals</b>	<b>30</b>	<b>100</b>

<b>Bæjarfélag</b>	<u>Fjöldi</u>	<u>%</u>	<u>hættu á önninni</u>	<u>%</u>
Reykjanesbær	139	66	21	70
Garður	11	5	0	0
Grindavík	31	15	8	27
Sandgerði	12	6	0	0
Vogar	10	5	1	3
Útan Suðurnesja	7	3	0	0
<b>Samtals</b>	<b>210</b>	<b>100</b>	<b>30</b>	<b>100</b>

<b>Skipting á brautir</b>		
	<u>Fjöldi</u>	<u>hættu á önninni</u>
Almenn braut	52	21
Félagsfræðibr.	30	1
Grd. málm- og vélát.	6	1
Grd. Rafvirkjagr.	11	0
Grd.bBygginga- og m	3	
Hársnyrtibraut	4	
Leikskólaliði	1	
Löggæslubraut	2	
Íþróttabraut	5	1
Listnám	13	
Löggæslubraut	2	
Málabraut	6	1
ferðaþjónustubratu	1	
Náttúrufr.br.	19	2
Sjúkraliðanám	16	1
Tölvufræðibr.	7	1
Tölvuþjónustubr.	5	
Verknámsbraut	3	1
Vélstjórn	8	0
Viðbót til stúdents	2	
Viðskiptabraut	14	
<b>Samtals</b>	<b>210</b>	<b>30</b>

### Samantekt fyrir vorönn 2012

<b>Námsárangur á vorönn 2012</b>			
180 af 210 nemendum luku önninni eða 86% þeirra sem hófu nám			
148 nemendur af þessum 180 halda áfram á næstu önn (82%)			
10 af 180 útskrifuðust eða fóru í annan skóla (18%)			
30 af 210 hættu á önninni (14%) og 22 hættu í lok annar (10%)			
180 nemendur luku 2148 einingum eða 11,93 pr. nem. að meðaltali			
532 falleiningar eða 2,95 pr. nem. að meðaltali			
121 úrsagnareing eða 0,67 pr. nem. að meðaltali			

### Lokaorð

Verkefnið Nám er vinnandi vegur hefur gefið fólki tækifæri á að hefja aftur skólagöngu. Það er ómetanlegt fyrir marga einstaklinga og gefur þeim nýja sýn. Það er líka gott fyrir framhaldsskólana að fá nemendur með svo mikla reynslu og aðra sýn á lífið og tilveruna heldur en ungmennin sem stunda þar nám. Námsráðgjafar hafa reynt eftir fremsta megni að

aðstoða þessa einstaklinga, hvetja þá til dáða og finna með þeim lausnir sem henta hverjum og einum. Með þessu verkefni hefur hópur fólks öðlast meiri trú á sjálf sig og eflst við að upplifa að það nær árangri. Undirrituð vonar að verkefnið haldi áfram að vaxa og dafna og enn fleiri fái tækifæri til að njóta sín í framhaldsskólanámi.

Guðbjörg M. Sveinsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, tók saman.

## **11. Skýrsla kvöldskóla**

### **Haust 2011**

Skýrsla þessi er unnin til að skýra frá starfi kvöldskólans haustið 2011. Tekið er saman hvernig undirbúningur fór fram, hvar og hvernig var auglýst og hvernig innritun fór fram. Tekinn er saman nemendafjöldi og fjöldi í hverjum áfanga. Fram kemur hvaða áfangar voru í boði og hvaða áfangar voru kenndir og hverjir kenndu.

### **Undirbúningur haustannar 2011**

Undirbúningur haustannar 2011 hófst í maí á því að setja saman áfanga í boði. Þá var strax hægt að innrita sig á netinu. Innritun fór fram í skólanum 18. og 19. Hægt var að innrita sig á neti til 21. Kennsla hófst mánudaginn 27. Ágúst.

### **Auglýsingar – innritunargjöld**

Auglýst var í Víkurfréttum og Tíðindum 18. ágúst. Aðrar auglýsingar voru ekki, en allar upplýsingar voru aðgengilegar á neti frá byrjun maí. Innritunargjöld voru óbreytt. Námsgjöld voru óbreytt. Greiða þurfti 6.000 kr. í innritunargjald og auk þess 2.500 kr. fyrir hverja einingu sem tekin var.

### **Fjöldi nemenda og skipting eftir sveitarfélögum**

Nemendur í kvöldskóla voru 69 talsins. Þar af voru 8 nemendur sem stunduðu nám í dagsskóla líka. Nemendur skiptast eftir sveitarfélögum þannig:

<b>Sveitafélag</b>	<b>Fjöldi</b>
Reykjanesbær	62
Sandgerði	3
Garður	4
Vogar	1
Grindavík	7
<b>Alls</b>	<b>77</b>

### **Áfangar í boði**

Ýmsir áfangar voru í boði haustið 2011 en ekki náðist nægilegur fjöldi í þá alla. Eftirfarandi áfangar voru kenndir:



Áfangi	Fjöldi nemenda	Kennari
EÐL1036	5	Brynjólfur Stefán Guðmundsson
LJÓ1036	9	Sara Ross Bjarnadóttir
MKE1024	7	Leifur A. Ísaksson
MRU1024	9	Hlynur Ómar Svavarsson
MST1048	5	Leifur A. Ísaksson
NÁT1036	13	Harpa Kristín Einarsdóttir
SPÆ3036	12	Einar Trausti Óskarsson
STÆ2026	19	Daníel Símon Calves
THL1036	12	Katrín Sigurðardóttir
THL203/303	13	Hanna Vilhjálmsdóttir

Mjög erfitt hefur verið að rukka inn námsgjöld þessa önn. Enn eru nokkrir sem fá á sig biðeinkunn þar sem ekki hefur fengist fullnaðargreiðsla fyrir námsgjöldum. Einnig hafa fallið út nemendur án þess að láta vita og greiða ekki. Sérstaklega má nefna EÐL 103 í þessu sambandi. Þegar við fórum af stað, að beiðni Keilis, þá vorum við með nafnalista frá Keili með níu manns og við vorum með fjóra. Nú hafa aðeins fimm nemendur greitt, þar af tveir frá okkur og þrír frá þeim. Mín tillaga er sú að ef aðrar stofnanir óska eftir að við bjóðum upp á námskeið þá eigi að rukka stofnunina beint og hún beri þannig ábyrgð á þeim plássum sem hún pantar.

### **Vor 2011**

Skýrsla þessi er unnin til að skýra frá starfi kvöldskólans vorönn 2012. Tekið er saman hvernig undirbúningur fór fram, hvar og hvernig var auglýst og hvernig innritun fór fram. Tekinn er saman nemendafjöldi og fjöldi í hverjum áfanga. Fram kemur hvaða áfangar voru kenndir og hverjir kenndu.

### **Undirbúningur vorannar 2012**

Undirbúningur vorannar 2012 hófst í desember á því að setja saman áfanga í boði. Þá var strax hægt að innrita sig á netinu. Innritun fór fram í skólanum 5. og 6. janúar milli 17 og 19. Hægt var að innrita sig á neti til 8. janúar. Kennsla hófst mánudaginn 16. janúar.

### **Auglýsingar – innritunargjöld**

Auglýst var í Víkurfréttum 5. janúar. Aðrar auglýsingar voru ekki, en allar upplýsingar voru aðgengilegar á neti frá byrjun desember. Námsgjöld voru óbreytt. Greiða þurfti 6.000 kr. í innritunargjald og auk þess 2.500 kr. fyrir hverja einingu sem tekin var.

## Fjöldi nemenda og skipting eftir sveitafélögum

Nemendur í kvöldskóla voru 26 talsins. Þar af voru fjórir nemendur sem stunduðu nám í dagsskóla líka. Nemendur skiptast eftir sveitafélögum þannig:

Sveitafélag	Fjöldi
Reykjanesbær	18
Sandgerði	3
Garður	2
Vogar	0
Grindavík	3
<b>Alls</b>	<b>26</b>

## Kenndir áfangar og kennarar vorannar

Eftirfarandi áfangar voru kenndir á vorönn 2012:

Áfangi	Fjöldi nemenda	Kennari
SPÆ 4036	12	Einar Trausti Óskarsson(EÓ)
THL 103/2036	12	Hanna Vilhjálmsdóttir(HV)

## Lokaorð

Undirrituð mun ekki starfa áfram með kvöldskólanum, enda allar líkur á því að skólinn sé að leggjast af í núverandi mynd ef ekki alveg.

Sigrún Eugenio Jónsdóttir, umsjónarmaður Kvöldskóla FS, tók saman.

## 12. Skýrsla hjúkrunarfræðings

Störf hjúkrunarfræðings hafa verið með hefðbundnum hætti þessar tvær annir enda kominn ákveðinn taktur í þessa þjónustu. Viðverutíminn hefur verið eins og áður fjórir daga vikunnar og um ein klst. í senn, upplýsingar um tímana eru á skjávarpanum og auglýsingum á hurð og töflum þannig að allir eiga að vera upplýstir um tímann. Nýtingin hefur verið áþekkt undanförunum önnum þó ég myndi gjarnan vilja merkja aukningu þar sem ég veit að fleiri hefðu gagn af því að koma við. Nýtingin er því nokkuð svipuð frá ári til árs þó ástæður komu virðast oft vera misjafnar milli anna. Allavega er aðgengi nemenda að heilbrigðisstarfsmanni

auðvelt í skólanum. Nemendur þurfa að sýna frumkvæði að því að koma þó hefur aukist að kennari bendi nemendum á þessa þjónustu.

**Haustönn:** Komur stúlkna voru 54, stráka 25 og starfsmenn og kennarar komu 15 sinnum en undir annað voru flokkaðar fjórar uppákomur ( flog, lús, sjóntruflanir og svimi) alls 98 komur. Á haustönninni voru þeir kennarar FS sem þess óskuðu bólusettir fyrir influensu frá HSS.

**Vorönn:** Komur stúlkna voru 62, strákar 32 og starfsmenn og kennarar 16 sinnum en undir annað voru sjö atriði (viðtöl við foreldra, Stígamót og tóbaksfræðsla) alls 114 komur. Segja má að hver önn eigi sín einkenni og hefur mér þótt vera fleiri vandamál á þessari önn tengd andlegri vanlíðan, þunglyndi, félagsfælni og áfalli.

Það hefur komið í umræðuna öðru hvoru að hafa mynd af nemum á kennarastofu sem haldir eru lífsógnandi sjúkdómum, því þó kennarar sem kenna þessum nemum fá upplýsingar í pósti gætu uppákomur orðið hvar sem er í skólanum og gott fyrir alla starfsmenn að vita af þeim til að bregðast við. Núna á vormánuðum settum við upp á skjáinn beiðni til nemenda sem þannig væri ástatt með að hafa samband við hjúkrunarfræðing, þar væri hægt að fara yfir þessi mál og segja þeim hvernig skólinn vildi reyna að tryggja þeim sem mest öryggi, en enginn nemandi gaf sig fram. Við höldum þessari hugmynd uppi ef aðstæður breytast.

Sólveig Björk Gränz, skólahjúkrunarfræðingur, tók saman.

### **13. Skýrsla forvarnarfulltrúa**

Í vetur var ég starfandi sem forvarnafulltrúi við fjölbrautaskóla Suðurnesja. Þetta var fyrsta ár mitt í því starfi. Ég var í 25 % starfi sem forvarnafulltrúi og 75% sem náms- og starfsráðgjafi. Ég hóf störf hér við skólann haust 2011.

Veturinn 2011-2012 fólst starfið í eftirfarandi:

Verkefni tengd dansleikjum nemendafélagsins.

- Undirbúningur fyrir dansleik
- Fundur með félagslífsfulltrúa, lögreglu, skólameistara og nemendafélagi fyrir ball.
- Gæsla á balli, hringja í foreldra og láta ná í nemenda undir aldri.
- Boða þá sem gerðust brottlegir við reglur skólans og dansleiks í viðtal, ýmist eina eða með foreldrum; fór eftir hvort nemandi var sjálfráða eða ekki.
  - o Rætt við nemendur um gjörðir þeirra og þeim boðin aðstoð ef þeir telja sig þurfa.
  - o Í vetur ræddi ég við 16 nemendur undir 18 ára með foreldrum þeirra, einu máli var vísað til barnaverndar þar sem foreldrar sinntu ekki fundarboðum. Að auk var rætt við fjóra nemendur eldri en 18 ára.
- Fundir eftir dansleik með lögreglu, félagslífsfulltrúa og skólastjórn um hvað gekk vel og hvað hefði betur mátt fara.

- Koma aftur á samvinnu við félagslífsfulltrúa og skólastjórnendur í þeim tilgangi að virkja félagsmiðstöðvar á Suðunesjum til að vera á útivakt meðan á böllum stendur. Fundaði líka með forvarnafulltrúum félagsmiðstöðva þar sem farið var yfir samvinnuna sem tókst vel.

#### Tóbaksnotkun:

- Tók viðtöl við þá nemendur sem vísað var til mín vegna tóbaksnotkunar, allir sem vísað var komu vegna munntóbaksnotkunar. Nemendur engu fræðslu, tiltal og áminningu vegna brots á skólareglum. Athugasemd um brot er síðan sett í Innu. Tólf voru áminntir vegna tóbaksnotkunar en tveir nemendur urðu tvisvar uppvísir af því að brjóta reglurnar og fóru þeir í fræðslu til Sólveigar skólahjúkrunarfræðings.

#### Samtakahópurinn:

- Forvarnafulltrúi FS á sæti í hópnum sem hittist aðra hverja viku og voru fundirnir haldnir í FS kl 8 á föstudagsmorgnum. Það sem skiptir máli á hverjum tíma rætt og haft samráð ásamt því að viðra hugmyndir og hinar ýmsu skoðanir á málum. Mest er þó verið að ræða mál er varða grunnskólana. Í samtakahópnum eiga sæti námsráðgjafar grunnskóla Reykjanesbæjar, lögregla, hjúkrunarfræðingur, fræðsluskrifstofa, barnavernd og æskulýðsfulltrúi.

#### Ráðstefnur og námskeið:

- Námskeið sem haldið var á vegum FRÆ um reykleysi. Aðili frá landlækni kom og kynnti ráð sem hægt er að bjóða nemendum sem vilja hætta að neyta tóbaks.
- Vorþing forvarnafulltrúa var haldið í Fjölbrautaskóla Breiðholts. Áhugaverður fundur og fræðandi þar sem forvarnafulltrúar sögðu frá starfinu og báru saman bækur sínar.

#### Viðtalstími:

- Viðtalstími minn var alla daga, þ.e. ég afmarkaði ekki neinn tíma sérstaklega fyrir forvarnastarf heldur sinnti ég því jafnhliða námsráðgjöfinni og var því alltaf til taks þegar nemendur, forráðamenn og aðrir þurftu á mér að halda.

Starf mitt sem forvarnafulltrúi skaraðist mikið við vinnu mína sem náms- og starfsráðgjafi.

Má þar nefna nokkur atriði eins og:

- Ég fór og talaði við nemendur í færnináminu um lífið og framtíðina.
- Ég hélt fyrirlestur um rafrænt og „hefðbundið“ einelti fyrir nemendur og einnig tók ég á nokkrum eineltismálum sem komu upp í vetur.
- Mikið af málum sem koma á borð námsráðgjafa eru forvarnaviðtöl einnig en þó tekin undir formerkjum sem námsráðgjafaviðtöl, þar má nefna viðtöl er snúa að áfengisneyslu, reykingum, fíkniefnum, misnotkun, átröskun o.fl.

Heiða Kristín Harðardóttir, forvarnafulltrúi, tók saman.

## 14. Skýrsla félagslífsfulltrúa

Skólaárið 2011-2012 sat félagslífsfulltrúi u.þ.b. 20 formlega fundi með stjórn N.F.S. ásamt ýmsum hádegisfundum með formanni og/eða öðrum stjórnarmeðlimum. Meðal helstu hlutverka vetrarins var að vera stjórnarmeðlimum innan handar í ýmsum ákvörðunartökum, leiðbeina þeim í stjórnarstörfunum, vera til staðar ef þau þyrftu á aðstoð að halda o.fl.

Félagslífið á skólaárinu gekk þegar allt er á litið mjög vel og bauð upp á fjölbreytta atburði fyrir nemendur. Heilt yfir var duglegt og metnaðarfullt fólk í stjórninni og gekk samstarfið með þeim vel. Breyting varð á stjórninni á vorönn þar sem einn stjórnarmanna hætti í skóla og valdi stjórnin annan einstakling til að taka yfir embættið.

Dansleikir eru þeir viðburðir sem standa upp úr á hverju skólaári. Dansleikjahald gekk að mestu mjög vel og voru flestir dansleikir vel sóttir. Gott samstarf var við lögreglu á dansleikjunum og voru yfirleitt tveir til þrjár lögreglumenn að störfum við skemmtanahaldið. Félagslífsfulltrúi var í góðu samstarfi við forvarnarfulltrúa varðandi skemmtanir á vegum nemendafélagsins og voru báðir aðilar við störf á öllum dansleikjum vetrarins. Starfið og skipulagið í kringum dansleikina í ár var mun markvissara en oft áður. Þeim málum sem upp komu á dansleikjunum, sem og vinnubrögðum sem betur máttu fara, var vel fylgt eftir og betrubætur gerðar. Einnig var aðgerðaráætlun fyrir dansleikina tekin til gagnarrar endurskoðunar.

Að mínu mati hefur metnaður í félagslífinu aukist til muna og verið stigvaxandi síðustu ár. Félagslífið í FS hefur verið nokkuð gott síðastliðið ár en þó er mest áherslan á dansleikina og oft eins og félagslífið snúist eingöngu um þá. Áherslur varðandi auglýsingar á viðburðum hafa breyst mikið með árunum og eru SMS skilaboð ásamt facebook skilaboðum nú allsráðandi. Það fer þ.a.l. minna fyrir því að mynduð sé stemmning á sal eða göngum skólans fyrir viðburðum, sem er miður. Hinar ýmsu keppnir á milli framhaldsskóla landsins skapa stóran sess í félagslífinu og er það háð frammistöðu skólans í keppnunum hversu mikil stemmning myndast hjá nemendum. Stærstu keppnirnar eru MORFÍS, Gettu betur og söngkeppni framhaldsskólanna. Árangur í þessum keppnum var ekki eins góður í ár og oft áður, þrátt fyrir vasklega framgöngu okkar fólks.

Gunnar Magnús Jónsson, félagslífsfulltrúi, tók saman.

## 14. Skýrsla nemendafélags (NFS)

Tilgangur þessa skýrslu er að sýna hvernig til tókst á skólaárinu og nefna kosti og galla við hvern viðburð og nefna helstu tölur við hvern viðburð svo komandi stjórn, eða stjórnir, geti nýtt sér þekkingu okkar.

Skólaárið 2011-2012 hófst með mikilli eftirvæntingu og var mikil tilhlökkun í hópnum sem og nemendum skólans og var mikil pressa á komandi stjórn að viðhalda góðu félagslífi í

Fjölbrautaskóla Suðurnesja sem hefur verið á góðri uppleið. Tölurnar gefa ekki 100% nákvæma mynd, en eiga þó að gefa raunsæa mynd af helstu kostnaðarliðum.

### **Stjórn NFS**

Miklar hræringar urðu á lögum NFS og var stjórninni breytt til muna. En stjórn NFS var skipt upp í aðal- og miðstjórn. Má þar nefna að formaður skemmtinefndar var t.a.m. færður úr aðalstjórn í miðstjórn og lagt var til nýtt embætti í aðalstjórn sem nefnist framkvæmdarstjóri og er hugsaður sem tengiliður aðalstjórnar við miðstjórn. Ritara embættið var m.a. fært úr aðalstjórn í miðstjórn. Og að lokum var hið umdeilda nýnema embætti kjördregið niður í kosningu félagsmanna.

Þessi breyting gekk ekki eins vel og til stóð og er erfitt að nefna einhverja eina ástæðu fyrir því. Aðalástæðan gæti þó legið í því að aðalstjórn setti ekki nógu mikið traust á miðstjórn og má þar nefna helst formann NFS sem vildi hafa puttana í öllu og bara taka ákvarðanir sem hentuðu honum best. Þetta varð þess valdandi að öll vinnan sem miðstjórn átti að sinna til þess að minnka álagið á aðalstjórn jók í raun og veru vinnu hennar.

Leggur skýrsluhöfundur því til við komandi stjórnarmeðlimi að ígrunda þetta vel og vandlega og sýna miðstjórn traust og gott samstarfs strax í byrjun svo þau fái það sjálfstraust sem þau þurfa og leyfa þeim að taka litlu ákvarðanirnar í samræmi við aðalstjórn.

Við vorum ekki laus við forföll úr stjórninni. Bjarki Þór Wium lét af störfum vegna persónulegra ástæðna. Viktor Gunnarsson lét einnig af störfum sem markaðsstjóri en störf hans innan nemendafélagsins voru ekki góð. Unnar Már Pétursson tók við og stóð sig með þryði. Miklar breytingar urðu á stjórn NFS í upphafi árs og var aðeins einn meðlimur hennar endurkjörinn frá liðnu ári.

Stjórnin var þannig skipuð skólaárið 2011-2012:

Formaður: Sölvi Logason

Varaformaður: Magdalena Margrét Jóhannsdóttir

Gjaldkeri: Gauti Þormar

Framkvæmdarstjóri: Guðni Friðrik Oddson

Ritstjóri: Sunna Kristín Gunnlaugsdóttir

Formaður skemmtinefndar: Helgi Már Vilbergsson

Formaður íþróttaráðs: Kristján Helgi Olsen Ævarsson

Formaður Vox Arena: Bjarki Þór Wium Sveinsson (haust 11') Aníta Marcher (vor 12')

Formaður stríðsnefndar: Ingi Þór Hallgrímsson

Markaðsstjóri: Viktor Gunnarsson (til febrúarloka) og Unnar Már Pétursson (til loka skólaárs).



var dýr og hefði orðið okkur mun dýrari hefðum við komist alla leið. Leyfi mér að nota orðið fáránlega dýr. Ég legg til að stjórnin sem tekur við reyni að minnka þennan kostnað í grunnlaunum þjálfara. Við vorum óheppin að dragast á móti liði Ísafjarðar og varð kostnaðurinn því mikill. Ákveðið var að senda liðið með flugi vestur en það var okkur hagkvæmast. Boðið var upp á rútuferð gegn vægu gjaldi en kostnaðurinn var 5000 kr. á mann og var pizzuveisla og gisting innifalið í því verði.

Helstu kostnaðarliðir:

Þjálfari: 295.000

INN: Styrkir: 302.000

Rúta: 180.000

Ferðakostnaður liðs: 43.500

Þátttökugjald: 20.000

Samtals: -282.560

### Gettu Betur

Hér náðum við hagstæðum samningi við þjálfara. Ákveðið var að endurnýja samning við fráfaraþingi þjálfara en samningar voru hagstæðari. Við komumst í gegnum fyrstu umferð sem stigahæsta tapliðið en duttum út í þeirri seinni.

Helstu kostnaðarliðir:

Þjálfari 240.000

INN: Sýningarréttur: 172.714

Matarkostnaður: 38.825

Samtals: 102.411 kr. tap

### Þemaball

Þemaballið fór einstaklega vel fram. Miðasala var meiri en við þjuggumst við og var gaman að sjá hversu margir mættu. Engir blástursmælar voru notaðir eins og áður fyrr. Þetta ball fór slysalaust fram fyrir utan smá þústra sem leystir voru snögglega með góðri gæslu. Helstu gjöld voru þessi:

Stapinn: 165.000

INN:

Rúta: 50.000

Miðasala: 688.908

Ljós og hljóð: 254.866

Miðar&plaköt: 38.114

Gæsla: 130.520

Aðalsgæsla: 60.000

Skemmtiatriði: 270.000

= 1.047.475 – 688.908 = 358.567 kr. tap

### Stórtónleikar

Tónleikar sem settir voru á gegn samþykki gjaldkera. Mikil andstaða var um framkvæmd þeirra og voru þrjú einstaklingar sem ákváðu um þennan viðburð og var illa haldið um hann. Peningunum var illa varðveitt og var reynt að eyða þeim eins og hægt var. Sést það best á tölunum og innkomu. Helstu gjöld voru þessi:



Húsnæði: 80.000  
Hljómsveitir: 550.000  
Ljós&hljóð: 190.000  
Flutningur: 64.701

INN:  
Miðasala: 383.208

= 1.020.000 – 108.500 = 912.100 kr. tap

### **Stelpu & Karlakvöld**

Einstaklega vel heppnuð kvöld og vel sótt. Gaman að sjá hversu margir sáu sig fært um að mæta.

Herbert Guðmunds: 50.000  
Stúlknaþand: 35.000  
Pizzur og gos: 117.618  
Kökur og grænmeti: 65.083  
Pappaspjöld: 2517

= 220.218 kr. tap

### **Hljóðneminn + ball**

Frábær keppni. Einstaklega vel mætt. Haldin í Andrews og var vel fullur salur. En alltof dýr. Tapið bara á hljóðnemanum nemur upp á 1.300.000 kr. sem er alltof há tala og þarf að lækka. Lentum þó í því leiðinlega atviki að hluti af ljósabúnaðinum skemmdist í okkar umsjá og þurftum við að bera allan kostnað af því sem reyndist okkur dýr eða um 320.000 kr. Ballið fór einnig einstaklega vel fram og fengum við leyfi til að halda það til 02:00. Engin slagsmál/læti urðu á ballinu og fengum við sérstakt hrós fyrir góða framkvæmd og alltaf gaman þegar svona viðburður heppnast vel. Eitt verð ég þó að taka fram og það er staðsetning á Hljóðnemanum. Að eyða mörgum klukkutímum í að setja upp búnað, taka hann svo strax niður um kvöldið og eyða pening í flutningskostnað finnst mér bull. Skynsamlegri leið er að halda hann í Stapanum og spara þar með bæði mikinn tíma í vinnu og flutningskostnað.

Kynnir: 100.000  
Undirspil: 225.000  
Skemmdir: 320.191  
Ljós+Hljóð: 535.664  
Myndavélaleiga: 181.975  
Skemmtiatriði: 110.000  
Land&synir: 300.000  
Stapinn: 150.000

INN:  
Miðasala:  
Auglýsingar: 100.000

Ljós&hljóð: = 2.671.288 - 805.459 = 1.865.829 kr. heildartap vegna beggja viðburða

### **Vizkustykki**

Við héldum uppteknum hætti og gáfum út skólablað báðar annirnar. Fyrri blaðið var rekið með u.þ b. 15.000 kr. hagnaði sem er fagnaðarefni. Við spöruðum okkur umtalsverðan

kostnað vegna þess að formaðurinn okkar braut og hannaði blaðið sjálfur. Eini kostnaðurinn sem skapaðist var því prentunin sjálf. Tölur vegna seinna blaðs liggja ekki enn fyrir. Sá kostnaður leggst á næstu stjórn en það blað á einnig að hafa staðið undir kostnaði og því tapar næsta stjórn ekki á því.

Fyrri blað: 369.265

Styrkir: 385.000

Hagnaður: 15. 735.

### **Söngkeppni framhaldsskólanna**

Keppnin var færð frá Akureyri til Reykjavíkur og sett í umsjón Sagafilm. Mikil óánægja skapaðist hjá mörgum nemendafélögum innan SÍF og voru einhver sem sögðu sig úr sambandinu og kom það líka til umræðu hjá okkur. Undirritaður leggur til að næsta stjórn hugsi sig vel um og ákveði hvort þeir vilji vera aðilar innan þessa sambands ef keppnin verður haldin með sama sniði á næsta ári. Eini tilgangurinn með þessari keppni var að láta hana líta vel út en hagsmunir keppanda og nemenda voru ekki í fyrirrúmi. Keppendur komust áfram með like-keppni á facebook og skipti þá sköpum hver átti fleiri vini. Kostnaðurinn fyrir keppnina var lítill sem enginn. Þátttökugjald sem var u.þ.b. 35.000 kr.

### **Árshátíðarball og matur**

Við áttum ágætis afgang og gátum þá leyft okkur aðeins stærri hluti. Fengum þrjú stór bönd og höfðum ódýrt inn á ballið. Vorum samt fyrir miklum vonbrigðum yfir því hversu fáir mættu á ballið. Ákváðum að bjóða líka upp á árshátíðarmat eins og síðasta stjórn gerði og var í raun sama þátttaka og árið áður. Aukningin hefur kannski verið um 10-15 manns. Næsta stjórn þarf því að ákveða hvort að halda eigi þessu áfram. Það er erfitt að skipuleggja ball og vita ekki hversu margir munu mæta í matinn því áætla þarf kostnaði. Kostnaðurinn við matinn var mikill en hann var niðurgreiddur um 1500. Kr. Helstu gjöld:

Leiga á sal með mat: 315.000

INN:

Erpur: 250.000

Miðasala: 333.250

Sykur: 290.000

Ultra Megabandið: 150.000

Ljós: 119.904

Flutningskostnaður: 108.000

1.518.030 – 333.250 = 1.184.780 kr. tap

Gæsla: 145.000

### **STEF**

Hver elskar ekki STEF? Sá sem spilar tónlist á Íslandi þarf að borga bandinu laun og svo borga stefgjöld fyrir að láta bandið spila sína eigin tónlist. Stefgjöldin á liðnu ári voru 124.175

## Heimasíðan nfs.is

Fastir liðir – ath. gjaldskrá gæti breyst með tímanum. Hækkun á seinni hluta tímabilsins um 100 kr. Færðum þó lénið inn á amerískt svæði sem sparaði okkur um 1000 kr. á mánuði.

Síminn þ.e. gagnagrunnhýsing og lén: 24.204

Ársgjald: 7985 = 32.185 kr. tap

## Árshátíðavika og annar kostnaður

Við fengum ýmsar hljómsveitir á sal þar á meðal Diktu og Valdimar. Árshátíðarvikan var vel heppnuð og allir skemmtu sér vel. Eitthvað sem næsta stjórn þarf að toppa!

Undir liðnum annar kostnaður eru t.a.m. nemendaskírteini, kostnaður stjórnar o.fl.

Dikta: 180.000

Valdimar: 250.000

Félagskírteini: 206.689

Bensín: 47.745

Paintball - þáttökugjald: 12.000

Veitingar á fundum: 37.048

## Inneign og skuldir

Bankareikningur: 96.986

Ógreidd nemendagjöld: 276.000

Leikfélagið: 274.000

Foreldrafélagið: 150.000

*Samtals: 796.986*

Hvað skuldum við?

Valdimar: -250.000

*Samtals: -250.000*

Hagnaður: 562.986

## Lokaorð

Skemmtilegur og lærdómsríkur en mjög erfiður vetur að baki. Hafa verður þó í huga að árangur að góðu og skemmtilegu samstarfi er gott samstarf milli formanns og gjaldkera. Ef samband þeirra er stirt verður veturinn erfiður fyrir nemendafélagið sem og mórál innan þess.

Mismunur á fjárhagsáætlun og bankareikningi er 960 kr. Þannig að hún sýnir okkur frekar nákvæma mynd á sundurliðum hvers kostnaðarliðar á ýmsum viðburðum.

Vonandi gefur þessi skýrsla ágæta innsýn á störf vetrarins og vona ég fyrir hönd NFS veturinn 2011-2012 að við höfum skilað góðu af okkur góðum grunni fyrir komandi stjórn.

Gauti Þormar, gjaldkeri NFS, tók saman.